



Hugvísindasvið

**„Að elska er að yrkja
fegursta ljóð í víðri veröld“**

*um viðhorf Þórbergs Þórðarsonar
til rómantíkur í íslenskum bókmenntum*

Ritgerð til B.A.-prófs í íslenskum bókmenntum

Arngrímur Vídalín Stefánsson

Ágúst 2009

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild

**„Að elska er að yrkja
fegursta ljóð í víðri veröld“**

*um viðhorf Þórbergs Þórðarsonar
til rómantíkur í íslenskum bókmenntum*

Ritgerð til B.A.-prófs í íslenskum bókmenntum

Arngrímur Vídalín Stefánsson

Kt.: 011184-2359

Leiðbeinandi: Soffía Auður Birgisdóttir

Ágúst 2009

Efnisyfirlit

i.	Örfá orð um aðferðafræði	bls. 4
ii.	Inngangur	bls. 6
I	Þórbergur og nýrómantíkin	bls. 7
I.a	Með samanbrotinn heimshryggðarsvip	bls. 7
I.b	Þórbergur og elskan	bls. 14
I.c	Þórbergur og nýrómantísk ljóðagerð	bls. 20
II	Annað sjónarhorn	bls. 25
II.a	Satt og logið	bls. 25
II.b	Fleiri ástir	bls. 32
II.c	Sakleysið uppmálað	bls. 40
III	Andrómantísk viðhorf Þórbergs	bls. 42
III.a	Aðferðafræðilegur varnagli	bls. 42
III.b	Hálfir skósólar	bls. 43
III.c	Spaks manns spjarir	bls. 45
III.d	Hvítir hrafnar	bls. 47
III.e	Bréf til Láru	bls. 50
III.f	Íslenzkur aðall og Ofvitinn	bls. 52
IV	Niðurstöður	bls. 56
	Heimildaskrá	bls. 58
	Viðauki I	bls. 62
	Viðauki II	bls. 64

i. Örfá orð um aðferðafræði

Þegar þessi orð eru rituð hefur margt mismærkilegt verið skrifað um ævi og verk Þórbergs Þórðarsonar (1888-1974). Til eru ógrynnin öll af styttri og lengri ritgerðum, blaða- og tímaritagreinum, bókum og bæklingum eftir ýmsa höfunda, leika sem lærða, sem fjalla um Þórberg með sínu laginu hver. Aðrar heimildir, sem ekki eru af skornari skammtinum, má finna í Þjóðdeild Landsbókasafns í formi bréfa, dagbóka og handrita, varðveittum í eiginhandarriti Þórbergs sjálfs, og hafa ýmsir orðið til þess í seinni tíð að draga uppúr síðarnefndum staflanum ýmislegt sem varpað hefur skýrara ljósi á ævi og persónu höfundarins, og verk hans í leiðinni. Af þeim mætti helst nefna Helga M. Sigurðsson, sem hefur gefið út dagbókarfærslur, áður óbirt ljóð og ýmis bréf Þórbergs (*Ljóri sálar minnar* 1986 og *Mitt rómantíska æði* 1987) auk bókarinnar *Frumleg hreinskilni* (1992) sem fjallar um ævi og störf Þórbergs. Þá ber næst að nefna Halldór Guðmundsson sem borið hefur saman æviferla og höfundarverk Þórbergs Þórðarsonar og Gunnars Gunnarssonar í bókinni *Skáldalíf* (2006) og þarnæst Pétur Gunnarsson sem gefið hefur út eitt bindi af ævisögu Þórbergs, *ÞÞ í fátæktarlandi* (2007), og er annað bindið væntanlegt.

Sú aðferð sem hér hefur verið nefnd, að skoða bókmenntaverk í ljósi tíðaranda þeirra, að „gera höfundum upp skoðanir“ útfrá þeim eða álykta um æviferil þeirra við greiningu bókmenntaverka eða öfugt, þóttu lengi vel ekki góð vinnubrögð eftir tilkomu nýrýni í enskri og bandarískri bókmenntafræði, frá lokum 19. aldar og jafnvel allt fram á áttunda áratug 20. aldar, svosem sjá má á skáldskaparfræðum T. S. Eliots svo eitthvað sé nefnt. Hans Bertens útskýrir þetta þannig: „Eliot’s main aim [...] is to deflect his readers’ attention from everything he considers of at best secondary importance – the poet’s personal or social circumstances and so on [...] Eliot, then, objects to highly emotional outpourings and personal confidences because they tend to focus our attention on the poet rather than the poetry“. Bertens bætir við: „... expressions of profound emotion should not have an autobiographical dimension“ (Bertens, 2008:10). Halldór Guðmundsson orðar það þannig í kafla sínum í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* að með nýrýni bar að útiloka einsog unnt var alla þá þætti við greiningu er ekki tilheyrðu verkinu sjálfu. Halldór vitnar einnig til Gustave Lanson sem sagði að það bæri að leggja áherslu á „það sem [í verkinu] stendur, allt

sem þar stendur, og eingöngu það sem þar stendur“ (Halldór Guðmundsson, 1989:195).

Ég nefni þetta hér vegna þess að enn eimir eftir af þessari skoðun þótt hún sé ekki lengur nein gullvæg aðferðafræðileg mælistika. Meðal annarra hefur Örn Ólafsson, bókmenntafræðingur, haldið því fram að hin „ævisögulega aðferð“ sem nefnd hefur verið svo og nýrýninni var á sínum tíma sérstaklega stefnt gegn, sé í meira lagi vafasöm. „Einn angi af þessari trú á tíðarandann sem móti verk afgerandi er sú stefna að skýra skáldverk út frá ævisögu skálds. Það segir ekkert um skáldverkin, þau verður bara að skoða sjálf“ (Örn Ólafsson, 2008:13-14). Ef við tökum þessu bókstaflega verður að draga þá ályktun að við bókmenntagreiningu sé höfundur verkum sínum óviðkomandi, og að öll tengsl þar á milli séu tilfallandi.

En það er engin ástæða til að taka slíkum hugmyndum bókstaflega, því þegar nær öll verk höfundar eru sjálfsævisöguleg, að hversu miklu leyti er þá hægt að útiloka ævi hans frá verkunum? Ef hætt er við að svarið yrði á þá leið að aðeins þann texta sem rúmast í verkinu sjálfu skuli taka til skoðunar, því annað sé málinu alveg óviðkomandi, þá er líklega ekki til mikils að reyna. Þess vegna hef ég ekki í hyggju að einskorða mig við bókmenntaverk Þórbergs, heldur verða skrásett æviatriði, svo sem í dagbókum Þórbergs og bréfum og í frásögnum samferðamanna, einnig skoðuð og lögð til grundvallar greiningu á ýmsum þáttum í bókmenntalegu verkunum. Þá er ekki þar með sagt að ég hyggist taka upp á arma mína ævisögulegu aðferðina sem gagnrýni nýrýninnar helst beindist gegn; að hér sé á einhvern hátt gengið út frá þeim forsendum að hægt sé að túlka bókmenntaverk út frá æviferli eða skapgerð höfundar „á þeirri forsendu að lífshlaup höfundar og verk hans sé órjúfanleg heild“ (Örnólfur Thorsson, 1989:317). Þvert á móti verða ævisögulegu atriðin og bókmenntaverkin borin saman sem sjálfstæðar einingar í von um að hvort vegi hitt upp til að varpa skýrara ljósi á báða bóga.

Helgi M. Sigurðsson sýndi fyrstur fram á svo um munar, með bók sinni *Frumleg hreinskilni*, að fullt tilefni er til að skoða sjálfsævisöguleg verk Þórbergs Þórðarsonar með hliðsjón af æviferli hans. Sporgöngumenn hans, þeir Halldór Guðmundsson og Pétur Gunnarsson, hafa svo í seinni tíð dregið upp enn skýrari mynd af persónunni Þórbergi Þórðarsyni en áður þekktist og út frá ævisögulegum atriðum dregið margar haldbærar ályktanir um sjálfsævisögulegu verkin. Það er þess vegna sem sú leið verður einnig farin hér.

ii. Inngangur

Löngum var viðkvæði að Þórbergur væri hreinskilnastur og berorðastur rithöfunda vorra og lýsti sjálfur persónu sinni og lífi svo nákvæmlega í bókum sínum að varla þyrfti um að bæta. Auðvitað var samt að hann lýsti ekki nema nokkrum köflum úr ævisögu sinni, en þeim tímabilum töldu menn, að því er virtist, vera full-lýst, enda sparaði Þórbergur ekki yfirlýsingar um nákvæmni sína og hreinskilni, svo sem niðurlagsorð *Ofvitans* eru glögg dæmi um. Nánari athugun og samanburður við aðrar heimildir munu sanna að hér var um nokkrar ýkjur Þórbergs og oftrú lesenda að ræða. (Sigfús Daðason 1989:193-4)

Það eru margar lífseigar mýtur uppi um Þórberg Þórðarson. Eitt það fyrsta sem allir Þórbergsrannsakendur munu reka sig á er að Þórbergi var ekki alltaf eins annt um sannleikann og hann sjálfur hélt fram. Enda þótt til að mynda Stefán Einarsson, svo einhver sé nefndur, hafi áttað sig fullvel á að tæplega væri minna af hugs míðum höfundarins í sjálfsævisögulegum verkum Þórbergs en í venjulegri skáldsögu, þá taldi hann að Þórbergur hefði reynt „að gera [bókina Íslenzkan aðal] eins nákvæmlega sanna og honum var framast unnt“ (Stefán Einarsson, 1961:391). Það virðist hafa verið útbreidd skoðun flestra lengst framan af. Sigfús Daðason segir á einum stað: „En þó hann hafi líklega ekki ævinlega haft svona mikið fyrir persónum rita sinna, þá er *nákvæmni* og *sannleikur* ein helzta ástríða hans sem rithöfundar“. Hann bætir svo raunar við að: „Tengsl skáldskapar og veruleika eru allt önnur hjá Þórbergi en flestum öðrum rithöfundum“ (Sigfús Daðason, 1981:173). En þá átti að vísu ýmislegt eftir að koma í ljós til að styðja seinni fullyrðinguna en ekki þá fyrri.

Fleiri viðkvæði sem jafnan eru höfð um Þórberg er að hann hafi verið andrómantískur, óborganlegur húmoristi og einhver mesti stílisti sem þjóðin hefur átt. Með nokkurri einföldun má vissulega segja að hann hafi verið allt þetta, en það má þá vera nokkuð mikil einföldun sem gerir jafnframt þá kröfu að horft sé framhjá öllu því sem ekki er andrómantískt í verkum hans, því sem er alvörugafið, og því sem er blátt áfram átakanlegt. Þá þarf einnig að átta sig á því að rómantík er, altént í tilfelli Þórbergs, ekki alltaf það sama og rómantík. Hvað felst eiginlega í því að vera andrómantískur? Um stílinn efast að vísu líklega fáir þótt það hljómi eins og 85 ára gömul klisja að endurtaka þá ræðu hér.

Allt nema þetta síðastnefnda er hér til umfjöllunar. Viðhorf Þórbergs til ástarinnar og rómantíkur, hvernig þau viðhorf hans loða saman við viðhorf hans til skáldskapar og hvernig hann vann úr þessum viðhorfum sínum, verður skoðað með það að marki að leggja til grafar margar af ofangreindum mýtum um manninn og rithöfundinn Þórberg Þórðarson, svo unnt sé að skoða verk hans í nýju ljósi. Þetta síðastnefnda er eiginlegt markmið ritgerðarinnar og gerð verður tilraun til þess hér á eftir. Hér verður þó ekki boðið upp á einhlíta lausn, aðeins mögulegan lykil að mögulegri lausn.

I. Þórbergur og nýrómantíkin

I.a Með samanbrotinn heimshryggðarsvip

Þórbergur Þórðarson lýsir því í *Íslenskum aðli* hvernig honum þótti tilfinningahlaðinn, nýrómantískur skáldskapur hafa glatað hljómi sínum haustið 1912 og margir voru líklega farnir að efast um sæluna í sveitinni eftir að hafa lesið sögur eftir Kristínu Sigfúsdóttur og Gunnar Benediktsson og greinar Halldórs Laxness á árunum 1925-29. Í því samhengi hlýtur ævintýraljóminn sem Hulda sveipar sveitalífið jafnvel að hafa virst hæpin málsvörn, að minnsta kosti frá sjónarmiði þeirra sem bjuggu við fátækt í sveitum sjálfir, en þeir voru víst æði margir, og frá sjónarmiði borgarbúa sem margir hverjir höfðu einmitt flúið sveitirnar af leiðindum eða hrakist þaðan af fátækt. Nýrómantík stóð hér lengur en annars staðar á Norðurlöndum, en henni hnignaði og hún stefndi óðfluga í átt til afþreyingar (Árni Sigurjónsson, 2006:39-40).

Á árunum 1938 til 1941 komu út tvær bækur sem segja má að hafi yfir sér goðsagnakenndan blæ, svo ekki sé minnst á kanóníseraða túlkun, enn þann dag í dag. Sú fyrri var *Íslenzkur aðall*, næst á eftir kom *Ofvitinn* í tveim bindum á árunum 1940-41. Bækurnar mörkuðu sérstöðu að því leytinu til að báðar fjölluðu þær um tiltekið skeið í lífi höfundar síns, árin 1909 til 1914, eða frá því Þórbergur kom til Reykjavíkur uns hann fór að halda til í Unuhúsi ásamt öðrum listhneigðum ungum mönnum í upphafi síðustu aldar. Þó er ekki hægt að kalla þær ævisögur með góðu móti, og að kalla þær skáldsögur væri fullmikil einföldun. „Alla tíð hafa menn átt í

erfiðleikum með að flokka [Íslenzkan aðal] (eins og reyndar flest verk Þórbergs) og spurt að því hvort hér sé um að ræða sjálfsævisögu eða skáldsögu. Flestir hafa hallast að því að kalla verkið sjálfsævisögu með skáldlegu sniði. Smám saman hefur þó komið í ljós að verkið getur varla fallið í flokk hefðbundinna sjálfsævisagna, til þess er skáldskapurinn of ráðandi í verkinu“ (Soffía Auður Birgisdóttir, 2001:273-4).

Soffía Auður Birgisdóttir tekur þá afstöðu, líktog Halldór Guðmundsson og Pétur Gunnarsson hafa einnig gert, að flokka þessi verk sem skáldævisögur, hugtak sem samkvæmt Soffíu Auði er upprunið hjá Guðbergi Bergssyni og táknar einskonar sambland milli skáldsögu og sjálfsævisögu, þarsem „það eru lögmál skáldskaparins sem ríkja ofar lögmálum sannleikans [...], þar sem þeir [Halldór Laxness og Þórbergur Þórðarson] drógu upp eiðsvarnar myndir sem þeir stóðu við, þótt ýmsir yrðu til að benda á „falsanir“ í frásögn þeirra, eins og dæmin sanna“ (Soffía Auður Birgisdóttir, 2002:165-166). Soffía Auður heldur áfram: „En þó má árétt að skáldævisagan hefur einmitt þá sérstöðu að hún er ekki „alger skáldskapur“ heldur er höfundur skáldævisögu að vinna með eigin ævi sem efnivið en leyfir lögmálum skáldskaparins að ráða ferðinni“ (sama rit:167).

Í *Ofvitanum* fylgist lesandinn með tilraunum Þórbergs til að brjóta sér leið til menntunar, uppburðarleysi hans gagnvart fyrstu ástinni og samfundum hans og vina hans þar sem helstu viðfangsefnin eru pólitíkin, ástin og skáldskapurinn, og þar með fær lesandinn ákveðna hugmynd um bernskuviðhorf sögupersónunnar Þórbergs. *Íslenzkur aðall* tekur fyrir eitt sumar í lífi Þórbergs þegar hann var í síldarvinnu á Akureyri ásamt Stefáni skáldi frá Hvítadal, Tryggva Svörfuði og fleirum. Þar spila ástin og skáldskapurinn engu minni rullu en í *Ofvitanum*, enda snýr meginþráður bókarinnar að Elskunni hans Þórbergs, Arndísi Jónsdóttur, sem þó er aldrei nefnd á nafn, og kostulegu uppburðarleysi hans gagnvart henni, líktog í *Ofvitanum*. Annar mikilvægur þráður í báðum þessum bókum, en kannski þeim mun heldur í *Íslenzkum aðli*, eru áður nefnd viðhorf Þórbergs og vina hans til skáldskapar og hvernig þau vísa útfyrir sig til hugmyndastefnu nýrómantíkurinnar almennt, það er að segja: einsog hún birtist í gagnrýnum meðförum höfundar, en ekki nauðsynlega einsog hún var í raun og veru.

Í raun var þar um að ræða fjörbrot rómantískrar hugmyndafræði. Rómantíska stefnan hafði glatað hinu jákvæða eðli sínu, hin frjálsa tjáning tilfinninganna var orðin að dekri við sorg og ólán, hugmyndin um frelsi einstaklingsins var

orðin að dýrkun á snillingnum, sénínu. Hin pólitíska hlið rómantíkurinnar, krafan um sameiningu þjóða með séreinkenni og sjálfstæði einstakra einkennahópa var dauð, guð var líka dauður, og – eins og höfuðpostuli nýrómantíkurinnar, þýski heimspekingurinn Friedrich Nietzsche, orðaði það, – við höfum drepið hann. Yfir öllum hugarheimi nýrómantíkurinnar hvíldi svartnættisdrungi, hamingjusamur einstaklingur var heimskur auli, séné var enginn án sorgar og því dýpri sorg því meira séné (Böðvar Guðmundsson, 1978).

Þeirri útgáfu nýrómantíkur sem þarna má finna hefur líklega enginn lýst eins vel með eins fáum orðum og Böðvar Guðmundsson. Böðvar er að vísu ekki sérlega gagnrýninn á þá mynd sem Þórbergur dregur upp og tekur hana óbreytta upp í formálsorðum sínum að *Íslenzkum aðli*. Hvort nokkur hafi raunverulega skrifað uppá þessa lýsingu hlýtur að teljast ólíklegt, hvort sem hún snertir á sannleikanum eða ekki. Og þá er mikilvægt að gera greinarmun á rómantík sem bókmenntastefnu og því að vera rómantískur eða hafa rómantískar tilhneigingar almennt. Í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* er nýrómantík meðal annars skilgreind þannig:

Skáldskapur þessa tímabils er sundurleitur, höfundar stundum innhverfir, stundum í uppreisnarhug eða spámannsgervi. [Nýrómantík] táknar því ekki fastmótaða stefnu heldur miklu fremur andóf gegn fyrri hefðum sem birtist í mörgum myndum. Áhugi skáldanna snerist frá samfélagslegum vandamálum að fegurðarleit og túlkun á innra lífi einstaklingsins. Andúð á borgaralegum lífsháttum var algeng, ásamt bölsýnu viðhorfi til samtíðarinnar. Hjá sumum snerist þetta upp í þjóðlega rómantík, aðrir leituðu á vit dulhyggju og trúarbragða (Halldór Guðmundsson, 1989:194).

Það er ýmislegt þarna sem heimfæra mætti uppá Þórberg sjálfan, til að mynda hneigðist hann til ýmisskonar dulhyggju og sem sósíalísti hlaut hann að hafa andúð á borgaralegum gildum – um spámannsgervið þarf líklega ekki að fjölyrða nema fyrir þá sem ekki hafa lesið *Bréf til Láru*. En það er ekki þessi skilgreining sem Þórbergur ræðst gegn, heldur hinu almenna hugarfari sem stefnunni fylgdi, sinnuleysi „lýriskra vælukjóa“ gagnvart aðstæðum hinna efnaminni og, einsog hann oft sagði sjálfur, ófrumleika í textagerð svo ekki sé minnst á rómantíska vellu. En vitaskuld útilokar

Það ekki Þórberg frá því að hafa haft rómantískar kenndir, einsog oft mætti skiljast á því sem bæði hann og aðrir hafa skrifað um efnið.

Þvert á móti er það einmitt uppúr togstreitu þessara tveggja ólíku hugmynda um rómantík sem írónían sprettur. Það fer líklega ekki framhjá neinum lesanda *Íslenzks aðals* að meðan Þórbergur ungi lifir og hrærist í þeirri veröld sem birtist í bókinni, og er hluti af þeirri heimsmynd sem sögumaður lýsir, þá er sögumaðurinn sjálfur, Þórbergur eldri, sem áður segir í meira lagi gagnrýninn á þessar hugmyndir, og hvort gera megi ráð fyrir því að svona hafi þetta raunverulega verið verður að ráðast af samhenginu innan textans.

Sögumaður gagnrýnir yngra sjálf sitt, heimsmynd þess og þess samtíma sem bækurnar lýsa með svo yfirgengilega miklum ýkjum að erfitt er að telja sér trú um að þessar hugmyndir hafi verið sérlega útbreiddar meðal ungs fólks í upphafi tuttugustu aldar, hvað þá heldur að hér hafi verið um að ræða tiltekna hugmyndafræði, einsog til að mynda kommúnismi var, sem menn annaðhvort höfnuðu eða tóku til sín af andlegri nauðsyn og án málamynda. Sögumaður er því ekki að lýsa gjaldgengri, hvað þá algengri eða raunverulegri, heimsmynd tíðarandans, heldur heimsmynd síns yngra sjálfs og hvernig hún orkar útá við á lesanda sem ekki til þekkir. Það er einfaldlega ekki hægt að búast við því að fólk hafi sótt í vanlíðan vegna einhverra tískustrauma. Þvert á móti framandgerir sögumaður tíðaranda sem hann eitt sinn tilheyrði – í krafti íróníu. Sigríður Rögnvaldsdóttir hefur gert ítarlega grein fyrir þessari tvískiptingu í ritgerð sinni *Brotin heimsmynd*:

Aðalpersóna verkanna tveggja er þó ekki aðeins þessi reynslulausi piltur, heldur líka sögumaðurinn sem stjórnar frásögninni, segir frá upplifun sinni og hefur skoðun á henni. Hann getur litið til baka og skoðað æskuár sín og þroskaferil úr fjarlægð, þar sem áratugir eru á milli sögutíma og ritunartíma verkanna. „Þórbergar“ bókanna eru því tveir og nokkuð ólíkir; sögumaðurinn sem segir frá og sögupersónan sem sagt er frá. Sá aðstöðumunur þessara tveggja sem skapast af fjarlægð í tíma er mjög áberandi í *Íslenzkum aðli* og *Ofvitanum*. Sögumaðurinn hefur það fram yfir sögupersónu sína að hafa yfirsýn og hann hefur þau forréttindi að geta komið skoðunum sínum óbrennluðum á framfæri. Það er því hans heimsskoðun sem birtist í verkunum þótt hann sé að segja frá lífi og afstöðu síns yngra sjálfs og það er ekkert reynt að breiða yfir hversu hlutdrægur hann er (Sigríður Rögnvaldsdóttir, 1989:293).

Lesandinn fær ekki annað á tilfinninguna en að hugmyndir þessara ungu manna um lífið, ástina og skáldskapinn séu í besta falli barnalegar, í versta falli hjákátlegar, vegna þess hvernig sögumaður setur þær fram. Og það er fyrst og fremst þessi aðstöðumunur þeirra tveggja, hins tvítuga Þórbergs og þess fimmtuga sem segir frá, sem setur frásögnina í samhengi: „Þetta bil milli sögutíma og ritunartíma og þroskamunur Þórberganna tveggja verður svo því sem næst óþrjótandi uppspretta íroníu og bæði Þórbergur sjálfur og samtíð hans birtast í grátbroslegu ljósi. Hugmyndir hans um sjálfan sig og þeirra félaga um lífið, ástina og listina eru ýktar og rómantískar úr hófi fram og árekstrar milli hugmynda þeirra og veruleikans eru algengir“ (Jón Yngvi Jóhannsson, 2006:246).

Þessar hugmyndir birtast til að mynda strax í upphafi *Íslenzks aðals*, þar sem sagt er frá því að ungir menn hafi hvarvetna staðið á gægjum eftir nýjum snillingi á sviði ljóðlistarinnar. Eftir að Þórbergur fékk kvæðið *Nótt* birt á forsíðu tímaritsins Ísafoldar hafi fólk tekið að streyma heim til hans á Skólavörðustíg 10, þó ekki væri nema bara rétt til að sjá glitta í snillinginn „sem ekki væri aðeins skáld, heldur þar að auki mikill heimspekingur og undarlegur sérvitringur og lifði í þokkabót í svo rómantískri fátækt, að hann hefði einu sinni um kvöld í tungsljósi verið kominn vestur í Selsvör til þess að fyrirfara sér út af skóleysi“ einsog nánar er vikið að í *Ofvitanum* (Þórbergur Þórðarson, 1984b:8).

Að vísu virðist þetta nokkuð ýkt en þó hefur enginn orðið til þess að efast um að Þórbergur hafi reynt að fyrirfara sér. Það hefur heldur enginn efast um forsendur þeirrar tilraunar. Þórbergur hélt því sjálfur ætíð fram að sagan væri sönn, til að mynda þegar Matthías Johannessen bar hana upp á hann í frægri viðtalsbók. Ýkjurnar felast öðru fremur í hugmyndum um að fátækt sé rómantísk og að skáldlegri gáfu fylgi mikil sérviska. Og ýkjurnar sækja í sig veðrið eftir því sem líður á söguna. Snemma í bókinni hellir Þórbergur sér yfir herbergisfélaga sína eftir að ásakanir þeirra um getuleysi hans til að greiða hótulgistinguna hefur snúist upp í gagnrýni á framtaksleysi hans í kvennamálum: „Ég tala aldrei við ykkur framar, aldrei nokkurntíma framar í lífinu. Þið eruð óskáldlegustu naut, sem ég hef nokkurntíma þekkt. Þið skiljið ekki sálir skáldanna. Þið botnið hvorki upp né niður í þjáningum snillinganna. Og þið hafið ekkert vit á skáldskap, berið ekki meira skynbragð á lýrik en hundur og köttur“ (Þórbergur Þórðarson, 1984b:66-67).

Málsvörn Þórbergs virðist hálf úr lausu lofti gripin þegar hann tekur gagnrýni á tilburði hans við Elskuna jafnframt sem gagnrýni á snilli sína og þekkingu á lýrik. Hann ásakar þá um að skilja ekki þjáningar snillinganna, líkt og þjáningin sé eðlilegur hluti af ástinni, hversdagsleg afleiða eða jafnvel tilgangurinn sjálfur. Það er nýrómantískt viðhorf, einsog slík viðhorf koma fram í bókinni, í sinni ýktustu mynd: að þjáningin sé markmið í sjálfri sér, að það að elska sé þjáning og að hamingja og snilli eigi sér enga samleið. Og lesandinn hendir auðveldlega á lofti hversu hlægilegt viðhorf það er. En Þórbergur er langt í frá einn um þau ef marka má sögumann:

Allir miklir menn höfðu þjáðst óskaplega. Dante pín-dist alla ævi út af stúlku, sem hann sá eitt sinn bregða fyrir á fjölförnu stræti. Nietzsche varð geðveikur af því að hugsa um velferð mannkynsins. Jónas Hallgrímsson var þrúgaður af ævilangri lífssorg, vegna þess að grimmar nornir meinuðu honum að njóta elskunnar sinnar. Og Kristján Jónsson drakk sig í hel, af því að hann fann aldrei tilgang lífsins. Þetta voru allt yndislegir menn, gáfuðustu snillingar heimsins. Og þeir voru fyrirmyndin, sem flest uppvaxandi séni kepptust eftir að líkjast á fyrstu fimmtán árum aldarinnar (Þórbergur Þórðarson, 1984b:91-92).

Um nautn þjáningarinnar ber auðvitað að efast, en hefði maður *Íslenzkan aðal* einan að heimild væri ef til vill hægur leikur að trúa þessu. Þar tekur Þórbergur nokkra vini sína fyrir og dregur þá sundur og saman af háði. Einn þeirra er Tryggvi Svörfuður, svo nafntogað skáld á Akureyri að fólk hraðar sér út í glugga til að hlýða með djúpri andakt á ræður hans í lok hvers vinnudags úti á síldarplani. Þórbergur gístir um stundarsakir hjá Tryggva og fær að heyra allt um fölskvalausa ást hans á Huldu¹ nokkurri, sem hann hefur þó aldrei fengið að njóta; sælasta augnablik lífs hans var þegar þeim skrikaði fótur á skautum svo þau runnu saman barm við barm niður brekku, og hann fékk eitt andartak að líta beint í hyldjúp, blá augu hennar: „og þá bað ég þess með tárin í augunum, meðan við runnum niður brekkuna, að svona mætti allt líf okkar verða“ (Þórbergur Þórðarson, 1984b:82). Það kallar hann að hafa fengið ást

¹ Þórbergur bregður fyrir sig nafninu Hulda víðasthvar í höfundarverki sínu í háðungarskyni. Samkvæmt formála hans að *Hvítum hröfnum* gefur hann í skyn að nafnið sé einskonar samnefni yfir allar huldumeyjar og ástkonur nýrómantísku skáldanna. Í kvæðinu *Til hypothetista* úr sömu bók bregður hann aftur fyrir sig nafninu að því er virðist í engu minna háðungarskyni við skáldið Huldu en yrkisefni hennar og annarra samtíðarskálda. Fleiri dæmi mætti áreiðanlega nefna þótt ekki tjóti að telja þau öll upp hér.

sína endurgoldna einu sinni. Tryggvi lýsir svo því hvernig hann kyssti hurðarhún stúlkunnar á sérhverju kvöldi, og því þegar hann hitti hana í Reykjavík:

Ég þreif ísdröngul, sem hékk utan á húsinu, og kastaði honum upp í gluggann, til þess að láta hana vita, að ég væri fyrir utan og ætlaði að halda jólin mín í kvöld þarna á götunni hjá húsinu hennar. Ég var alsæll af því að vera svona nálægt henni. Ég fann draumljúfa strauma þjóta um mig allan, þegar ég strauk nöktum lófunum um ískalt bárujárnið utan á húsinu, sem skýldi líkama hennar fyrir norðanbálinu. Og þarna hélt ég þetta aðfangadagskvöld ævi minnar hátíðlegt langt fram á jólanóttina og mændi ýmist upp í gluggana eða strauk utan húsið, frakkalaus, vettlingalaus, í norðanstormi og grimmdargaddi (Þórbergur Þórðarson, 1984b:83).

„Og þetta kallar hann að hafa *hitt* hana einu sinni!“ (Þórbergur Þórðarson, 1984b:83). Þá segist Þórbergur hafa skrifað í dagbók sína eftir samræður sínar við Tryggva: „Sálarfar mitt á að heita í meðallagi. Endurminningarnar fögru smádofta, og ljósblíki nýrra vona bregður við og við fyrir í myrkrinu, sem frammi undan er. Ég hef loks fundið eina sál, sem er í ennþá meira myrkri en ég“ (Þórbergur Þórðarson, 1984b: 96).

Sá sem mesta útreið fær í bókinni er þó án efa Sveinn Jónsson framtíðarskáld, sem Þórbergur segir búa yfir stríðari og fastari rómantík að upplagi en Tryggvi. Þórbergur lýsir kveðskap Sveins sem einskonar ofurrómantískum ævintýraheimi þar sem ástir takast með skáldinu og Sólveigu og saman sigla þau yfir hafið í átt til fyrirheitna landsins. En þegar allt virðist ætla að eiga sér helst til farsælan endi kúvendir skáldið skipinu svo það steypist öfugt niður á hafsbotn og drekkir þeim báðum, án þess einu sinni að spyrja stúlkuna álits. Þannig hafi ást þeirra lifað að eilífu í köldum faðmi Ægis.

Ekki mun Sveini hafa farið mikið betur í raunveruleikanum samkvæmt sögumanni. Eftir veturlanga baráttu við Stefán frá Hvítadal um ástir ungrar stúlku í Unuhúsi flyst Stefán alfarinn úr húsinu um vorið. „Upp úr því tók að ganga þrautaminna um ástir Sveins. Þó gat hann ekki talizt óskabarn hamingjunnar í ástamálum. Ástarógæfa hans reis nú öll af því, að hann fékk kærleik sinn skilvíslega endurgoldinn hjá meyjunni. Það var svo óskáldlegt. Það var svo hættulegt fyrir heimshryggðina, svo eyðileggjandi fyrir þjáninguna, að skáldið varð að taka sér nokkurra daga frí frá farsæld ástarinnar og steypa sér á sundurtætandi fyllirí og

eitthvað fleira“. Hvað þetta „fleira“ var skal látið liggja milli hluta, en þegar Sveinn kemur skríðandi aftur á hnjánum til elskunnar sinnar vill hún ekki hafa neitt með hann að gera. „Þar með var tilganginum náð. Hinn dimma heimshryggð, hin húðstrýkjandi þjáning hvolfdu sér nú aftur yfir sál hans, og hann orti hástemmd sorgarljóð um voðalega ólánsama elskendur, sem [...] fengu aldrei að njóta ásta sinna í lífinu“. Þá mun ekkert annað hafa verið eftir hjá Sveini en auðmýkja sig uns stúlkan tæki við honum aftur. Þá gæti hann lifað „hamingjusömu ástalífi, þar til það væri orðið of áberandi ólíkt Jónasi Hallgrímssyni og Dante“ (Þórbergur Þórðarson, 1984b:93-94). Þórbergur að vísu viðurkennir að þetta sé ef til vill nokkuð ósanngjörn samantekt, en þó alveg án þess að reyna að bæta fyrir það:

Það væri sannarlega rangt mat á samtíð Sveins að brennimerkja hann einan með því sálarástandi, sem setti meginsvipinn á kveðskap hans. Það var einmitt lífstónn þessara tíma, að ungir menn gengju með sundurflakandi hjarta af ólæknandi heimshryggð. Þeir áttu ekki að koma auga á neinn skynsamlegan tilgang í lífinu. Þeir áttu ekki að finna neina huggun í andstreyminu. Og umfram allt áttu þeir ekki að hafa neina von við aðkomu dauðans. Ef hinn óskiljanlegi táradalur lagði þeim ekki nægilegan forða af hryggðarefnum upp í hendurnar, tóku þeir hreinlega til sinna ráða og skópu sér sjálfir heilan heim, fullan af ósigrandi þjáningum. Það var fallett að þjást. Það var fínna að ganga með samanbitinn heimshryggðarsvip á andlitinu en að gapa af lífsgleði. Hryggð og bölsýni báru vitni um djúpt sálarlíf, miklar gáfur, umhyggju fyrir velferð manna [...] Glaðlyndi var þar á móti heimskulegt. Það vitnaði um sljóar tilfinningar og grunnfært hugarfar. Það sýndi léttúð, skort á ábyrgðartilfinningu og þykkskinnungshátt í garð hinna fíngerðari eðlisþátta lífsins (Þórbergur Þórðarson 1984b:91).

I.b Þórbergur og Elskan

Ef þetta væri raunsönn lýsing á tíðarandanum ætti Þórbergur sjálfur síst að hafa verið undanþeginn þessari skilgreiningu. Þess má líka sjá merki í *Íslenzkum aðli* að Þórbergur hafi verið reiðubúinn að ganga ansi langt – í orðanna fyllstu merkingu – af hreinni auðmýkt gagnvart Elskunni sinni. Án þess þó nokkru sinni að hann þyrði að opinbera sig fyrir henni; í stað þess að láta reyna á hamingjuna í örmum sinnar heittelskuðu velur hann að gera ekki neitt og losar sig þannig undan þjáningu höfnunarinnar. Þess í stað velur hann þjáningu þagnarinnar, aðgerðaleysisins, að vita

aldrei hvað *hefði gerst*, vegna þess að innst inni leyfir hann sér að trúa því að þannig sé möguleikinn á að *eitthvað gerist* þó alltaf fyrir hendi, og með því matar hann eigin frestunaráráttu í sífellu. Svo öfgakennd er sú frestunaráratta að meira að segja eftir langa og stranga göngu ofan úr Norðurfirði alla leið suður í Hrútafjörð (um 90 kílómetra leið í beinni loftlínu, hvað þá heldur þegar gengið er), þar sem Elskan hans býr, þorir hann ekki að gá hvort hún sé heima. Hvernig yrði nú lítið á það ef hann færi að randúsera heim til hennar um hábjartan daginn? Hvernig þætti henni slíkt uppátæki?

Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þar væri lítill sómi gerður hreinlífri stúlku og frestar samfundum þeirra fram á haust. Þá geti þau átt rómantískar samverustundir í friði og ró. Þá geti hann sýnt henni Sírius upp um þakgluggann á Bergshúsi. Og ekkert meira með það. Þórbergur gengur heim til Reykjavíkur. „Og ég lét mig líða af stað inn þjóðveginn líkt og hálf-óafvitandi, eins og ég hleypti framhjá mér blindandi bæði tíma og rúmi og öllu því, sem gerzt hafði bæði í tímanum og rúminu. Leit aðeins nokkrum sinnum um öxl, þar til bærinn var eilíflega horfinn fyrir næsta leiti. Þessi andvaka augu höfðu þá horft árangurslaust eftir elskhuga sínum daga og nætur í fimmtán þjáningarfullar vikur. Svo luktist þessi heillandi útsýn saman. Og það var eins og ekkert væri hinumegin við leitið“ (Þórbergur Þórðarson, 1984b:173-4).

Sigríður Rögnvaldsdóttir leitar skýringa á þessu í áður nefndri grein sinni, *Brotin heimsmynd*. Hún telur að heimsmynd hins unga Þórbergs einkennist af tvíhyggju – ósamræmanlegum andstæðum milli langana hans og skoðana:

Skýrasta dæmið um þetta tvítog og vandkvæðin sem fylgja því birtist í ást Þórbergs á stúlkunni sem hann kallar Elskuna og sagt er frá bæði í *Íslenzkum aðli* og *Ofvitanum*. [...] Það er hinn æðri maður Þórbergs unga sem talar, sá náttúruleysi. En vandinn er að Þórbergur þráir einnig að snerta stúlkuna og eignast, og það samræmist ekki hugmyndum hans um sjálfan sig. Í hugarheimi hans eru ást og kvensemi óskyldar og ósamrýmanlegar kenndir sem tilheyra hvor sínum pól í heimsmynd hans; kvensemin tilheyrir kynmenninu, ástin skáldinu. Að *snerta* stúlkuna sem hann elskar er því útilokað, í því felst þverstæða (Sigríður Rögnvaldsdóttir, 1989:300-301).

Sigríður segir að nema Þórbergur hafni heimsmynd tvíhyggjunnar verði allar vonir um að ástir takist milli hans og Elskunnar ómögulegar. Hann áráðir hins vegar aldrei

að hafna henni alveg og grípur þess í stað til frestunarinnar meðan hann telur sér trú um að tíminn sé nægur.

Þannig blekkir hann sjálfan sig aftur og aftur, af því að hann getur ekki eða vill ekki hafna heimsmynd sinni; að snerta stúlkuna væri það sama og að hafna því að grundvallarandstæður heimsmyndarinnar séu ósættanlegar – það sama og að hafna grunnhugsun tvíhyggjunnar. Það er þessi sjálfsblekking sem knýr Þórberg unga áfram og gerir honum kleift að halda áfram ferð sinni í óbreyttum heimi við óbreytta heimsmynd. Hann telur sér trú um að markmið sitt sé athöfnin, að hafa kjark til að taka í höndina á Elskunni (og svo framvegis), en raunverulegt markmið hans getur ekki orðið annað en þráin, það að framkvæma ekki, af því að hann skortir kjark til að horfast í augu við þau vandamál sem athöfnin hefur í för með sér [...] þráin verður eina mögulega takmark hans (Sigríður Rögnvaldsdóttir, 1989:301).

Þar sem Sigríður Rögnvaldsdóttir ályktar um innri gerð frásagnarmátans kemst Soffía Auður Birgisdóttir að sinni eigin niðurstöðu um ytri gerð sögunnar í grein sinni *Sannleikur í æðra veldi*, sem fyllilega má fella að niðurstöðum Sigríðar². Soffía Auður telur að með *Íslenzkum aðli* hafi Þórbergi fyrst og fremst gengið til að skopstæla hina hefðbundnu ástarsögu. „Hann hefur tilfinningar sínar til Arndísar upp í „æðra veldi“ rómantíkur og goðsagnar, ýkir þær gegndarlaust þar til þær eru orðnar stórkostlega hlægilegar [...] Elskan hefur ekki hugmynd um tilfinningar elskhugans og kærir sig líklega kollótta um þær“ (Soffía Auður Birgisdóttir, 2001:278). Hún nefnir önnur dæmi máli sínu til stuðnings, til að mynda frægan kafla úr *Bréfi til Láru* sem segir frá því þegar Þórbergur skítur í skógarrunn og kemst þannig í betri snertingu við náttúruna. Hún nefnir einnig kvæðið *Til hypothetista*:

Þótt lögð hafi verið áhersla á það í allri umfjöllun um verk Þórbergs hversu ólík þau séu innbyrðis að frásagnarhætti og efnistöfum þá er engu að síður eitt sem þau eiga öll sameiginlegt og það er skopfærslan. Höfundurinn er eitt

² Soffía Auður hefur einnig bent á sambærilega togstreitu í heimsmynd hins unga Halldórs Laxness í *Grikklandsárinu* (1980) og Sigríður Rögnvaldsdóttir bendir á í sinni grein: „Tvær [meykonur] sækja svo fast á að njóta samvasta við hið upprennandi skáld að hann neyðist til að ljúga að þeim að hann sé að fara til Grikklands, til að komast hjá því að þurfa að heimsækja þær [...] Í þessum kostulega kafla er ungskáldinu aldeilis lesinn pistillinn og höfum það í huga að það er fyrst og fremst skáldið sjálft, Nóbelshöfundurinn Halldór Laxness, sem þarna les sjálfum sér – eða sínu ungsjálfi – pistilinn ...“ (Soffía Auður Birgisdóttir, 2002:171).

mesta meinhorn íslenskra bókmennta og það sem hann hafði mesta unun af að skopstæla voru verk „rómantískra jarmara og lýrískra vælukjóa“ samtímans, eins og hann kemst að orði í skýringunum við eigið kvæði „Til hypothetista“ í *Eddu Þórbergs Þórðarsonar* (Soffía Auður Birgisdóttir, 2001:281).

Í því kvæði líkir Þórbergur sólarlaginu við niðurgang og rottur kvaka á hverri grein í stað spörfugla sem syngja ástarljóð. Hann segir það fullum fetum í innganginum að kvæðinu, sem Soffía Auður vísar til, að ljóðinu sé stefnt gegn rómantísku skáldunum. „Þessi velgjulegi, inpóteni tilgerðarjarmur í íslenzkri ljóðasmíð orsakaði á þessum árum krónískan nábit og viðbjóð í höfundinum“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:40). Soffía Auður veltir loks upp þeim möguleika í lok greinar sinnar að *Íslenzkum aðli* hafi Þórbergur ætlað líkt hlutverk gagnvart rómantísku ástarsögunni og Don Kíkóti hafði gagnvart riddarasögunni – nefnilega að ganga af henni dauðri (Soffía Auður Birgisdóttir, 2001:283). Soffía Auður nefnir eitt afar mikilvægt máli sínu til stuðnings, og það er skopfærslan sem er alltumlykjandi í verkum Þórbergs einsog nánar verður vikið að síðar. Hún telur það hinsvegar ekki skipta máli hvort Þórbergur hafi elskað stúlkuna í raun, heldur kannar hún verkið útfrá þess eigin forsendum í leit að bókmenntalegum temum, og um þær niðurstöður verður ekki efast hér þótt aðrar forsendur verði hafðar að leiðarljósi.

En hvað ætli sé þá að segja um *Íslenzkan aðal* og *Ofvitann*? Til eru þeir sem hafa grunað Þórberg um græsku í *Íslenzkum aðli*, ekki þótt þessi mjög kynduga frásögn alveg sagnfræðilega útlítandi. Þeim sem þetta ritar hefur ekki þótt ástæða til að trúa alveg á frásögn Þórbergs í þeirri bók af sínum frægu ástamálum. Þar gæti sitthvað verið á huldu, vansagt og ofsagt (Sigfús Daðason, 1989:198).

Það er alveg ljóst að staðreyndum hefur víðasthvar verið hnikað til í bókum Þórbergs, og það sjálfsagt af ýmsum ástæðum, og hvort sagt er of eða van frá hverju sinni mun vera breytilegt eftir viðfangsefni; það er til að mynda augljóst að fært er í stílinn í frásögnum af skáldbræðrum Þórbergs. Og sú gagnrýni sem þar birtist á rómantísku stefnuna er allt í senn meinhæðin, beitt og alvöruþrungin þess á milli. Því er hinsvegar stundum haldið fram að Þórbergur hafi „amast við“ rómantík, sem er öllu stærri

fullyrðing en að hann hafi skrifað gegn rómantík. Báðar skoðanir má finna víðasthvar. Stefán Einarsson segir í Bókmenntasögu sinni:

Þórbergur, sem upphaflega hafði verið aðdáandi og stælir Einars Benediktssonar, tók, sem félagar hans, upp einfalda hætti, en hann snöri þeim í skopstælingar á rómantískri lýrik félaga sinna, eða fyllti hina fornu og dýru hætti Einars og Matthíasar með bulli. Sýnishorn af skopstælingum Þórbergs og fútúristískum kvæðum hans voru prentuð 1914 (*Hálfir skósólar*) og 1915 (*Spaks manns spjarir*), en endurprentuð og aukin í *Hvítum hröfnum* (1922), en nafnið var skopstæling af *Svörtum fjöðrum* Davíðs (Stefán Einarsson, 1961:389).

Hér tekur Stefán gagnrýnislaust upp hugtakið fútúrismi en gerir enga tilraun til að skýra nánar í hverju fútúrismi Þórbergs fólst. Og fyrst Þórbergur gekkst sjálfur við því að hafa ekki vitað hvað fútúrismi væri þegar hann kenndi sín „fútúríska kvæði“ *Til hypothetista* og *Fútúrískar kveldstemningar* við stefnuna (sjá skýringar Þórbergs við *Fútúrískar kveldstemningar* og formálsorð hans að *Hvítum hröfnum*), þá hljómar fullyrðing Stefáns hálfеinkennilega. En stundum nægir að segja eitthvað svo því sé trúað. Benedikt Hjartarson hefur fjallað um grein Alexanders Jóhannessonar sem birtist í tímaritinu *Óðni* við upphaf þriðja áratugarins, þar sem *Fútúrískar kveldstemningar* er tekið sem dæmi um eina fútúríska kvæðið sem samið hefði verið á íslensku. Benedikt leiðir líkum að því að það hafi verið Alexander sjálfur sem læddi hugtakinu að Þórbergi og þaðan sé þessi hugtakaruglingur kominn (Benedikt Hjartarson, 2005:54-58). Um skopstælinguna verður þó ekki efast. Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir nefnir hana einnig í ritgerð sinni *Stílisti eða rithöfundur?*:

Innan sögunnar endurskapar hann sjálfan sig sem ungt sání, en í því er fólgin skemmtileg tvöfeldni, sem um leið verður meira en skopstæling í ljósi þess að á þessum árum sem greinir frá í Íslenskum aðli barðist hann með skopstælingum gegn nýrómantíkinni þegar hann gaf út bækur sínar *Hálfa skósóla* (1914) og *Spaks manns spjarir* (1915) (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2002:19).

Það er að vísu ekki rétt með farið að Þórbergur hafi þegar verið byrjaður að hamast gegn nýrómantíkinni á þeim árum sem fjallað er um í *Íslenskum aðli*, eða *Ofvitanum*

hvað það snertir. Það gerist ekki fyrr en árið 1914, þegar frásögninni í *Ofvitanum* sleppir, einsog nánar verður komið að síðar. Hvað ástæður skopstælingarinnar varðar birtir Guðmundur Andri Thorsson sína eigin tilgátu í grein sinni um Þórberg í safninu *Ég vildi að ég kynni að dansa*:

Eftir þessi sinnaskipti gagnvart skáldskap Einars Ben. er engu líkara en hann gefi ljóðlist upp á bátinn og spíritisminn varð síðar til þess að fylla það skarð sem skáldskapurinn hafði skilið eftir: þar fann hann loks vísindalegar rannsóknir á gátum tilverunnar. Það sem eftir var ævinnar orti Þórbergur ekki annað en rímaða gagnrýni, paródíur hans í Spaks manns spjörum eru ekki eiginleg ljóðlist í venjulegum skilningi heldur miklu fremur viðbrögð við skáldskap annarra, álit hins jarðbundna vísindamanns á kenndarljóðum (Guðmundur Andri Thorsson, 1998:144).

Mér virðist nokkuð hæpið að álykta að spíritisminn hafi frelsað Þórberg undan rómantískum kveðskap – að vísindaleg raunhyggja sem í sjálfu sér er algjör andstæða við spíritisma hafi svo að segja komið í stað rómantískra draumóra. Í öllu falli eru orsakatengslin *spíritismi ergó paródía* helst til loðin, en sú skýring sem ég tel líklegri verður skoðuð nánar í næsta kafla.

Af öðrum sem nefna andrómantísk viðhorf Þórbergs má telja til Guðmund Gíslason Hagalín, sem segist svo frá í sjálfsævisögulegri bók sinni, *Ilmur liðinna daga*, að útkoman verður hálfurðuleg, ef ekki beinlínis ótrúverðug – nánast einsog skopstæling á skopstælingu:

Sko, í blöðin skrifa þeir ekki um svona kvæði, sérðu. Blöðin geta aðeins um fínar bækur og hátíðleg og hástemmd ljóð um huldumeyjar og ljósengla, sko, ljóð, sem rómantískir vælukjóar yrkja. En eins og þú kannski heyrir, eru mín ljóð skopstæling á þess háttar kveðskap, því að hann er mér sannur viðbjóður.“ Og Þórbergur skók sig og yggldi og hryllti sig upp – eins og hann væri að velkjast í stormi og stjórnsjó úti á hafi (Guðmundur G. Hagalín, 1953:233).

Helgi M. Sigurðsson nefnir þetta einnig í inngangi bókar sinnar *Ljóri sálar minnar*:

Skáldskapurinn var eitt stærsta áhugamál Þórbergs, fyrst nútímakveðskapurinn, síðan fornkvæðin. Um tíma ætlaði hann sér að verða ljóðskáld sjálfur, en gaf það upp á bátinn og orti eftir það aðeins kerskni og grín (Helgi M. Sigurðsson, 1986:9).

Bara svo örfá dæmi af fjölmörgum séu nefnd. Það er víst óhætt að segja að kanónan hafi ákveðið að meginupplag höfundarverks Þórbergs sé kerskni og grín, og vitanlega er margt til í því. Sjaldnar er þó spurt hvað olli því, þótt Guðmundur Andri Thorsson hafi gert að því atlögu, og oftastnær er eingöngu vísað til orða Þórbergs sjálfs um efnið. Það er því fullt tilefni til að skoða það nánar svo hægt sé að sjá að hve miklu leyti söguskýringar Þórbergs koma heim og saman við aðrar heimildir – sem raunar vekur upp ýmis vandamál einsog komið verður að hér rétt á eftir. Þá er í leiðinni hægt að álykta um hverjir tilvitnaðir í þessum kafla hafi rétt fyrir sér og hverjir rangt. Þá má jafnframt spyrja sig hvers vegna Þórbergur af öllum mönnum skyldi hafa amast við rómantík í íslenskum bókmenntum, svo vitnað sé til hans eigin orða:

Og hví skyldum vér amast við bókinni? Hún neyðir þig ekki til að lesa sig. Hún lætur persónu þína afskiftalaus. Hún liggur þarna einmana í horninu í bóksölubúðinni eins og þrítug piparjómfrú. En sá voði vofir yfir þér alla ævi þína, að rithöfundur setjist inn til þín og þylji yfir þér heila syrpu af óprentuðum ljóðum. Bækur eru saklausir hlutir, en rithöfundar eru ægilegar verur (Þórbergur Þórðarson, 1987:89).

I.c Þórbergur og nýrómantísk ljóðagerð

Árið 1915 kveður ungur maður sér hljóðs með fyrstu ljóðabók sinni, *Hálfir skósólar*. Ungur er kannski afstætt hugtak, hann var 27 ára gamall, og að hann hafi kvatt sér hljóðs er ef til vill ofsögum sagt. Hvers vegna gaf hann þetta út? Vegna þess að hann vantaði föt, ekki til að kveðja sér hljóðs, enda þótt hann sæi það sjálfur hversu nýstárlegur kveðskapur það var: „Þetta var nýjung, óvenjulegur tónn, ekkert líkt því, sem áður hafði sést. Og fyrir jólin gat ég fengið mér ný föt hjá skraddara og nýja skó hjá fínasta skósala bæjarins“. Í þann tíð kostuðu skósólar fjórar krónur, en bókina seldi hann á tvær og titillinn helgast af því (Þórbergur Þórðarson, *Stóra handritið*:193-5).

Þetta var árið eftir að hann losaðist að eigin sögn undan þeim „póetíska svindlara, Einari Benediktssyni“, og þúki fútúrismans sté niður í hann (Þórbergur Þórðarson, 1939:8). Af ljóðum í bókinni má til að mynda nefna *Til hypothetista*, sem nefnt var hér á undan og er „knúð fram af viðbjóðslegri klígju og velgju við öllum þeirrar tíðar Huldum, huldumeyjum og Sólveigum, ljósenglum, gígjum og prinsessum, krýningum og konungaslotum, krystallshöllum og smalakofum, kotbæjum, marmarasúlum, kvöldroðum, birkilautum, smálækjarsprænum o.s.frv. o.s.frv.“ Orðið hypothetisti er þá „einskonar samnefnari, sem allir rómantískir jarmarar og lýriskir vælukjóar gengu upp í“ einsog hann útskýrir í *Eddu*. Þar kvaka rottur um ástina, sólsetrinu er líkt við niðurgang og þorskurinn í Þaralátursfirði hringsnýst einsog Hulda í berjamó (Þórbergur Þórðarson, 1984a:40-42). Þá má einnig nefna 6. erindi Fútúriskra kveldstemninga (kvæðið allt birtist ekki fyrren í næstu bók) og kvæðið *Ég er aumingi*, sem lýkur með línunum: „En ef ég kemst nú ekki fet, / elskulega Stína! / eg skal éta einsog ket / endurminning þína (Þórbergur Þórðarson, 1984a:49).

Þegar við upphaf þessa skeiðs er að sjá sem Þórbergur sé búinn að segja sig úr lögum við hinar „stóru“, viðurkenndu bókmenntagreinar. Í ljóðakverum sínum, *Hálfir skósólar* (1915), *Spaks manns spjarir* (1917) og *Hvítir hrafnar* (1922), er hann með skopstælingum og háði búinn að kollsteypa nýrómantíkinni sem réði ríkjum í íslenskri ljóðagerð á fyrri hluta aldarinnar (Ástráður Eysteinnsson, 1999:158).

Og það er ekki ofsögum sagt. Í formála ljóðasafnsins *Hvítir hrafnar* gefur Þórbergur í skyn að titillinn eigi sér auðfundna skírskotun. Það staðfestir hann loks í óútgefnu sjálfsævisögulegu handriti, sem nefnt hefur verið *Stóra handritið*, þar sem hann segir frá viðhorfum sínum til ljóðagerðar samtíðarinnar:

Þessi viðbjóður, sem var engu líkari en morgunklígja óléttri konu, leiddi mig inn í nýja skáldskapariþrótt, sem ég átti ekkert nafn yfir, en fann síðar að líktist mjög fútúrismanum, sem ég hafði þá enga hugmynd um. Og nú fór ég að yrkja í allt öðrum tón en ég hafði áður ort í. En það sem mér gekk verst með, það var að finna nógu klunnalegt og gasalegt orðbragð til þess að hitta hina sentimentölu skáldakynslóð í hausinn, ganga fram af guði og mönnum. Gegn þeirra væmnu bókatitlum kallaði ég fyrsta kvæðasafn mitt, sem út kom

á prenti, Hálfu skóssóla og það næsta Spaks manns spjarir. Og þá eitt upprennandi skáld þeirra tíma olli mér margra ára óléttuklígju með því að kalla fyrstu ljóðabók sína Svartar fjaðrir, þá svaraði ég þessu banatilræði með því að kalla þriðja og síðasta ljóðakver mitt Hvíta hrafna (Þórbergur Þórðarson, Stóra handritið:152-3).

Og ef þetta var ekki nógu stór yfirlýsing, þá segist Þórbergur í greininni *Þrjú þúsund þrjú hundruð og sjötíu og níu dagar úr lífi mínu* hafa kastað „upp í jórtrandi ginið á borgaralegri hræsni lítilli bók, sem ég valdi nafnið *Hvítir hrafnar*“. Bókin muni hafa flutt lýrisk ljóð, og að um hábjartan daginn hefðu hefðarkvendi forsmáð bókina. „En í fylgnum munúðugra kvöldskugga lásu þær þá og lærðu með sætum unaði. Og um draumfagar nætur varðveittu þær viðbjóðinn undir koddanum sínum, hreinum og flekklausum, eins og þær voru sjálfar“ (Þórbergur Þórðarson, 1983a:302). Mestanpart eru þessar pillur ætlaðar Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi, sem nýverið hafði slegið í gegn, en sú saga gengur enn þann dag í dag, mann framaf manni, að sérhver ung stúlka á Íslandi árið 1919 hafi geymt *Svartar fjaðrir* undir kotta sínum. Svo heillaðar hafi þær verið af kveðskapnum. Síðar átti Þórbergur eftir að segja raunverulegt álit sitt á Davíð Stefánssyni, og dæmi nú hver fyrir sig hvort nokkur alvara hafi fylgt þessum ákúrum: „Upplesturinn gerði góða lukku hjá áheyrendum. Síðan las Davíð upp. Af því getur þú séð, hve stórum augum ég hef litið á skáldskap minn í þá daga. Maður mundi ekki leggja í það núna að lesa upp á undan Davíð Stefánssyni. Jesús minn“ (Matthías Johannessen, 1989:27).

Það ljóð í *Hvítum hröfnum* sem hefur hvað mesta sérstöðu er áður nefnt *Fútúrískar kveldstemningar*. Þórbergur segir sjálfur í *Eddu* að fútúrísk kvæði sín hafi verið skop og uppreisn gegn dauðum mál-, stíl- og hugsanavenjum, og segja má að kvæðið skili því ágætlega. Síðasta erindi þess ekki síst: „Láttu geisa ljóð úr bási, / ljúfa barn í mannlífsskarni! / Spæjari! Varstu sprot að segja? / Sprungu lýs á rauðri tungu? / Glyserin er guðleg læna. / Gling-gling-gló og hver á hróið? / Nybbari sæll og Nói skrubbur! / Nonsens, kaos, bhratar! monsieur!“ (Þórbergur Þórðarson, 1983a:89-91). Bragi Ólafsson hefur bent á í stuttu greinarkorni á vefsíðunni Thorbergur.is að það eru merkileg líkindi með *Fútúrískum kveldstemningum* og *Eyðilandi* T. S. Eliots. Ekki gat Þórbergur þó vitað það því *Eyðilandið* var samið fimm árum á eftir *Fútúrískum kveldstemningum*. Þetta er vitaskuld tilviljun ein, en merkileg tilviljun engu að síður sem vekur upp löngun til að spyrja rétt einsog Halldór Laxness:

Einu hefur aldrei verið svarað um Þórberg. Hvernig stendur á því að lítt uppfræddur sveitamaður úr einu afskekktasta héraði landsins kemur til Reykjavíkur og fer að yrkja út frá sjónarmiðum dada, þeirrar stefnu sem þá var í burðarliðnum suðrí álfu, og kalla má undanfara allrar nútímalistar í vestrænum heimi, svo í bókmenntum sem mynd og tóni. (Halldór Kiljan Laxness, 1976:80)

Og þá gæti maður enn fremur spurt sjálfan sig að því, svona einsog Benedikt Hjartarson gerir í grein sinni „*prrr – prrr – prrr – prrr – Reykjavík!*“, sem birtist í greinasafninu *Heimur ljóðsins* árið 2005, hvort ekki væru meira en tilfallandi tengsl milli þessa „fútúrisma“ Þórbergs og evrópskra framúrstefnuhreyfinga í upphafi tuttugustu aldar. Það er aðeins bent á þetta hér sem möguleika, en ég hygg að hér sé leitað langt yfir skammt og því verður leitað svara annarsstaðar hér síðar.

Hér er þó ýmislegt sem vert er að staldra við. Fyrir það fyrsta þá eru ekki öll ljóð *Hvítra hrafna* svona framúrstefnuleg – raunar eru flest þeirra lítið meira en útúrsnúningur á rómantískum kvæðum undir hefðbundnum bragarháttum. Að tala um að Þórbergur yrki út frá dada er því í fyrsta lagi nokkuð hæpið, hvað þá heldur að hann yrki út frá sjónarmiðum dadahreyfingarinnar, þótt ef til vill megji finna einhverjar hugmyndalegar samsvaranir ef að er leitað. Annað sem skiptir máli er að ýmis kvæði bókarinnar falla í hvorugan ofangreindan flokk. Munarljóðin á blaðsíðum 73 til 84 eru sum hver til að mynda afskaplega einlæg meðan önnur eru það ekki, og svipað má segja um *Skóhljóð dáiinna daga* sem þrátt fyrir allt er mjög rómantískt og einlægt játningaljóð. Önnur ljóð, til dæmis hið rómantíska en jafnframt sósíalrealíska *Nótt*, eru ekki höfð með í safninu. Hvort sem það er vegna þess að Þórbergi hafi ekki þótt það samræmast hinni nýju skáldskaparstefnu sinni, eða einfaldlega vegna þess að það er eldra en hin kvæðin, nema hvorttveggja sé, þarf að liggja milli hluta (elsta kvæði bókarinnar er *Stefánsstikki* ort 1912 en *Nótt* er ort 1911. Viðhorf Þórbergs til lífsins áttu eftir að breytast í millitíðinni einsog nánar verður komið að síðar).

Þriðja sem vert er að hafa í huga er jafnframt áhugaverðasta atriðið: ljóðin eiga sér í raun „tvo“ höfundu, að höfundinum sjálfum undanskildum, eða öllu heldur á höfundurinn sér tvær hugverur er birtast í verkum hans, sem báðar þykjast deila höfundarrétti með Þórbergi sjálfum. Það er sögumaður annarsvegar, sem kallaður hefur verið Þórbergur eldri og segja mætti að sé sama persóna og skrifar formálann að

Hvítum hröfnum og útskýringarnar við *Eddu*, en svo er Þórbergur ungi hinsvegar, sögupersóna sjálfsævisögulegu verkanna. Rödd Þórbergs eldri sem höfundar verkanna innan verkanna sjálfra er að mörgu leyti keimlík þeirri gagnrýnisrödd sem birtist í *Íslenzkum aðli* og *Ofvitanum*. Þórbergur ungi þjónar á hinn bóginn hlutverki höfundar ljóðanna innan frásagnar höfundar og ber skoðunum þeirra ekki saman einsog að framan er getið. Að baki þessu öllu hvílir höfundurinn sjálfur, Þórbergur Þórðarson, og það er vandasamt að segja til um að hve miklu leyti skoðanir hans samrýmast skoðunum hinna tveggja. Málið vandast enn þegar kemur að því að ákveða hvort einum þeirra sé fremur treystandi til að segja satt og rétt frá en hinum. Eða einsog Sigfús Daðason kemst að orði: „Að vísu má ekki gleyma því að Þórbergur er vitund verksins, og hann er tvöfaldur: sá sem hann var og sá sem hann er [...] Tengsl skáldskapar og veruleika eru allt önnur hjá Þórbergi en flestum öðrum rithöfundum“ (Sigfús Daðason, 1981:167-173).

Í útskýringum sínum við *Fútúrískar kveldstemningar í Eddu* kemst Þórbergur svo að orði:

Ég veit ekki, hvort mér er óhætt að gera ráð fyrir, að ýmsir, sem fást að staðaldri við beitingu orða og orðasambanda í rituðu máli, verði nokkur tíma þreyttir á þessum steinrunnu hugsunarvenjum og þrauttuggnu orðum og orðatiltækjum, sem sitja einsog gamall hlandsteinn á hverri blaðsíðu í hverri bók, í hverri blaðgrein, í hverju kvæði [...] Hvenær hefur rómantískur jarmari getað nuddað svo ljósi heimsins niðrað sjóndeildarhringnum, að ekki væri „kvöldsólin að hníga til viðar og varpaði geislum sínum yfir“ einhvern andskotann? Og þannig óendanlega. Og þannig óendanlega (Þórbergur Þórðarson, 1984a:88).

En má treysta því að þetta sé aðalatriðið? Gaf Þórbergur kvæði sín til þess eins út á prenti að ná sér niðri á huldum og fagraskógarskáldum sinnar tíðar? Var það allt og sumt sem honum gekk til þegar hann orti líklega framúrstefnulegasta ljóð sinnar samtíðar, *Fútúrískar kveldstemningar* – sem á sér svo merkilega samsvörun í verkum T. S. Eliots annarsvegar og dadaista hinsvegar – að gera gys að öðrum skáldum? Ætli Halldóri Laxness hefði ekki þótt það helst til endasleppt svar. Hverju hefði slíkt skáld getað áorkað í fullri alvöru sem gat gert Halldór Laxness kjafstopp í gamni?

II. Annað sjónarhorn

II.a Satt og logið

Til þess að komast nær sanngjarnri niðurstöðu sem tæki tillit til allra þeirra þátta sem eru að verki í verkum Þórbergs þarf fyrst að bera saman dagbækur hans og sendibréf við texta sjálfsævisögulegu verkanna. Það er vissulega mikilvægt að taka til skoðunar allt það sem hann sagði sjálfur þar um, en það er engu síður mikilvægt að líta til þess hvað hann gerði andspænis því sem hann sagði – hvort hann hafi raunverulega fylgt sinni vel dókúmenteruðu lífsspeki af þeirri einurð sem margir hafa kosið að trúá. Sjálfur viðurkenndi hann fyrir Matthíasi Johannessen að ekki væri nú allt alveg sannleikanum samkvæmt í bókum sínum:

Mín kenning er sú, að allt sem lesandinn getur konstatarað í bókum, eigi að vera nákvæmlega rétt, hárrétt. Já, allt, sem menn geta gengið úr skugga um við lestur eða síðari athugun. En þar sem lesandinn getur ekki gengið úr skugga um efnið, má höfundurinn bregða á leik. Ef lesandinn sér, að það er rétt sem hann getur konstatarað, þá trúir hann líka hinu. Fyrsta krafa til bókar á að vera sú, að hún verki sannfærandi (Matthías Johannessen, 1989:25).

Í bók sinni *Frumleg hreinskilni* kemst Helgi M. Sigurðsson að þeirri niðurstöðu, útfrá dagbókum Þórbergs, að Þórbergur hafi ekki gert sér upp neinar tilfinningar í garð Elskunnar sinnar, Arndísar Jónsdóttur, í bókum sínum, þótt það sé ekki þar með sagt að frásagnirnar séu endilega kórréttar. Gott dæmi um það er goðsagan um framhjágönguna. Í *Íslenskum aðli* gengur Þórbergur framhjá bæ Elskunnar sinnar eftir langa og stranga ferð þangað, en í raunveruleikanum hittust þau þar (Helgi M. Sigurðsson, 1992:30-33). Soffía Auður Birgisdóttir metur tilfinningar Þórbergs á hinn veginn með hliðsjón af sömu heimildum, í grein sinni *Sannleikur í æðra veldi*. Semsagt að Þórbergur hafi kannski í raun aldrei verið svo ástfanginn af henni, heldur hafi hann hafið ást sína á henni upp í æðra veldi í þágu skopstælingar á hinni klassísku ástarsögu – í öllu falli væri það greiningu á sögunni óviðkomandi hvort sem satt væri.

Örn Ólafsson segir aftur á móti í Lesbókargrein árið 2001: „Nú er það vissulega rétt hjá Soffíu að litlu skiptir hver efniviðurinn er, miðað við hvað úr honum er gert af skáldinu. En hitt sýnist mér ljóst, að þessi meginþáttur Íslensks aðals, ástarsagan, byggist á dagbókarfærslum Þórbergs, en ekki bara á stöðluðum ástarsögum sem hann skopstælir“ (Örn Ólafsson, 2001:7). Öll komast þau þó að þeirri

niðurstöðu að Þórbergur hafi hnikað til staðreyndum í þágu sögunnar, til að gera hana áhugaverðari en ef Þórbergur hefði komið við á bæ Elskunnar sinnar og ástin hefði blómstrað. Það að vísu snýr bókmenntarannsóknum á borð við þessa upp í þá andhverfu sína að garfa heldur í því sem gerðist í raun og veru fremur en verkunum sjálfum, til að freista þess að varpa nýju ljósi á verkin. Og þá er fróðlegt að skoða nánar hvað stendur í dagbókum Þórbergs frá sögutíma *Íslensks aðals*. Finna má brot úr þeim í sýnisbók Helga, *Ljóra sálar minnar*. Þann 15. maí árið 1912 skrifar Þórbergur eftirfarandi klausu í dagbók sína:

Kl. 8¾ f.h. fór Arndís Jónsdóttir héðan úr húsinu, áleiðis til heimkynna sinna norður í Hrutafirði [...] Er mér nú mjög tekið að leiðast lífið og syrgi horfnar stundir, einkum síðast liðinn vetur; við hann eru bundnar ýmsar fagrar endurminningar [...] Kl. 12.10 lagðist eg til hvílu þunggeðja og ráðstola (Þórbergur Þórðarson, 1986:97-98).

Í fyrstu virðist hvorki vera ljóst hvað veldur þunglyndinu né hvaða fögru endurminningar hann á við. Þótt vissulega sé hægur leikur að tengja frumlag við andlag skortir ögn á upplýsingarnar til að draga af því ályktanir. Þórbergur lýsir því hvernig sálarástand hans hefur bæklandi áhrif á sig til líkamlegra og andlegra starfa, hversu slæm kjör hann býr við og svo framvegis, en hvergi er gefið upp hvort sé það heimþrá, fátækt eða ástarsorg sem veldur. Eftir sem áður skjóta þessar sáru og angurbliðu endurminningar upp kollinum nær daglega í dagbókarfærslum hans eftir að Arndís er farin norður, og alltaf er sálarástandið jafn voðalegt og kvölin jafn eilíf.

Það er ekki fyrr en þann 21. maí sem línurnar taka loks að skýrast. Þá lýsir Þórbergur því hvernig „bjarmi fagurra vona læðist inn í sálu [hans]; en aðra stundina hverfur hann og náttmyrkur vonleysis og lífskvíða legst sem mara yfir allar hugsanir [sínar]“. Þá segir hann: „Sanna lífsgleði virðist mér hvergi að finna, nema hjá lífsstjörnunni björtu, er létti af mér böli og byrðum lífsins á liðnum vetri. En nú skín hún bak við fjöll og firnindi, norður á heimsenda, og það er að eins endurminningin eintóm sem ýmist kætir mig – eða grætir. Ef eg mætti sjá stjörnuna svo sem augnabliksstund, og ef hún gæti ljómað eins og hún ljómaði feurst hér, mundi eg glaður bjóða heiminum góða nótt – og deyja,“ (Þórbergur Þórðarson, 1986:102-103).

Það er ýmislegt sem bendir til þess að það sé Arndís sem hann saknar, að minnsta kosti getur lífsstjarnan norður á heimsenda tæpast verið önnur manneskja.

Þann 23. maí skrifar Þórbergur: „Þessir bjarmar endurminninganna voru eitt sinn fögur og ylrík ljós, en þau dóu og eg vil gleyma þeim, – en get það ekki. Eg reyni að flýja sjálfan mig, vil helst aldrei vera hinn eiginlegi Þórbergur; eg vil vera kaldur eins og ísinn og harður sem steinninn; eg vil sem mest lifa við glaum og gleði, – eg vil gleyma sjálfum mér og vera alt annað en eg er,“ (Þórbergur Þórðarson, 1986:104). Þórbergur virðist hér hafa misst trúna á sjálfan sig, hann finnur fyrir sinni fyrstu ástarsorg og álasar sjálfum sér fyrir það sem orðið er. Þann 28. maí skrifar hann enn:

Um sálarfar mitt er það nú frekast að segja, að jafnan finst mér nú sem myrkrinu sé smámsaman að létta af sál minni [...] En stundum gægjast endurminningarnar inn í hugskot mitt og fylla það með hrygð og söknuði; en það er að eins örstutta stund; þá koma vonirnar, og þær afmá hvert andvarp og fylla sálu mína með yl og vorgeislum, yl og geislum, sem breytast áður en sjálfan mig varir í kulda og myrkur (Þórbergur Þórðarson, 1986:104-105).

Þann 29. maí skrifar hann loks: „Í dag birtist kvæði mitt „Nótt“ í „Ísafold““ (Þórbergur Þórðarson, 1986:105). Í *Íslenzkum aðli* segir að kvæðið sé ort í febrúarmánuði 1912, en í ljóðasafni hans, *Eddu*, játar Þórbergur að það hafi verið misminni – í raun sé það „að öllum líkindum ort [...] 15 til 23 dögum eftirað Elskan mín kom í fyrsta sinn uppí Baðstofuna, og kemur það vel heim við þá gisnun, gljúpnun og hækkun, sem varð á öllu fari höfundarins eftir þá ógleymanlegu heimsókn“. Hann miðar fleira við ferðir Elskunnar sinnar: „Nótt birtist á 1. síðu í Ísafold laugardaginn 25. maí 1912, réttum tíu dögum eftirað Elskan mín fór úr bænum til heimkynna sinna norðurí Hrútafjörð“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:20-21). Það fer því hvergi á milli mála að Þórbergur var ástfanginn af Arndísi Jónsdóttur. Einsog eftirfarandi línur úr þriðja erindi kvæðisins undirstrika er *Nótt* meira að segja, altént að hluta til, ort um hana: „himneska lífsstjarnan heldur hér vörð / í helgi og þögn / yfir bláloftsins skörum og húmsins hjörð,“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:22). „Lífsstjarnan“ er Arndís Jónsdóttir, samanber dagbókarfærsluna að framan, og heimsendinn fyrir norðan er Hrútafjörðurinn.

Séu dagbækurnar lesnar áfram má raða saman brotunum í nokkuð einlægari heildarmynd af atburðum en þá sem birtist í *Íslenzkum aðli*, þótt ýmislegt sé þar undanskilið. Þann 3. júní segir Þórbergur frá því að honum hafi veist vinna norður í Hrútafirði, þar sem Arndís bjó. Eftir því sem nær dregur lýsir hann því hvernig

„endurminningarnar fögru smáfyrnast, en fagar framtíðarvonir ljóma inn í sál [hans]“. Hann er þó kvíðinn fyrir förinni, enda ekki einsýnt um hvernig muni fara, en Hrútafirðinum lýsir hann sem „fram tíðarlandi sinna fegurstu vona“. Loks hittir hann Arndísi í Hrútafirðinum 12. og 16. júní, en ekkert gerist fremur en lýsingin í *Íslenzkum aðli* gefur til kynna, og þegar upp er staðið sækir að honum „óvenjulega mikið þunglyndi og sár söknuður um horfnar sólskinsstundir“, þótt aldrei sé sagt berum orðum hvaða stundir það voru né hvað þeim fór í milli. Þann 30. júní hittir hann Arndísi í síðasta sinn áður en hann yfirgefur Hrútafjörð daginn eftir: „[Eg] sá Hrútafjörð hverfa í síðasta sinn. Eg varð að neyta víns til þess að staðist gæti eg aðsóknir endurminninga þeirra, er þá þyrluðust upp í sál minni. Svo angurbliðar voru þær og skerandi. En – fæ eg aldrei að lifa þær aftur upp?“ (Þórbergur Þórðarson, 1986:107-118).

Fleira kemur þó til. Í *Eddu* sinni segir Þórbergur að hann hafi áfram verið tíður gestur í Bergshúsi eftir að bæði hann og Arndís voru flutt þaðan „til þess að hjala mér til skemmtunar við fólkið og renna augum sálarinnar yfir kapítulann um Elskuna mína í bókfelli aldanna“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:32). Nú mætti vel vera að Þórbergi hafi ekki verið neitt heilagt og að þetta sé samskonar grín og áður. Það vekur samt upp spurninguna: *til hvers* að ljúga þessu í skýringum við kvæði sem er Elskunni að öðru leyti alveg óviðkomandi? Hitt er svo það að það útskýrir ekki annað atriði: „1918 eða næstum því sex árum síðar fór ég í orðasöfnunarleiðangur vestur á firði. Þá átti maður um tvær leiðir að velja: að fara sjóleiðina eins og venjulegt fólk með öllum mjalla eða landveg gangandi, því ekki voru efni til að kaupa hest. Þá leiðina valdi ég í von um að hitta elskuna mína í Hrútafirði. Þá var ég orðinn forframaðri en áður í kvennamálum, svo eitthvað hefði getað gerzt“ (Matthías Johannessen, 1989:22). Þessi skyndilega forfrömun í kvennamálum tengist annarri stúlku, Sólrúnu Jónsdóttur, sem hann kynntist í aprílmánuði 1918 og átti í stopulu ástarsambandi við um árabíl þareftir. En dagbók Þórbergs frá 1918 leiðir nokkuð merkilegt í ljós sem Pétur Gunnarsson hefur þegar vikið að í bók sinni *ÞÞ í fátæktarlandi*. Þann 14. ágúst, eða um það bil þrem mánuðum eftir að hann hefur ástarsamband við Sólrúnu, skrifar hann í dagbókina:

Mér brá illilega í brún, er eg kom inn í svefnherbergið í gærkveldi. Árið 1912 var eg við vegagerð hér í Firðinum. Þá átti mín elskaða heima í Bæ. Sunnudag einn bauð hún mér heim til sín. Þá bjó hún í þessu herbergi og þar

kysti ég hana þá. Eg geng út að glugganum og lít í suðausturátt út á túnið. Þar er aflangur hóll og laut hinum megin hólans. Þar skemtum við okkur þá. Nú er hún á hóteli á Akureyri (Þórbergur Þórðarson, 1987:31).

Það er nokkuð augljóst af þessu að Þórbergur átti í ástarsambandi við Arndísi, hvað svo sem orðalagið felur í sér þegar hann segir þau hafa „skemmt sér“ bakvið hólinn – um það er erfitt að fullyrða svo öruggt sé. En ef eitthvað í líkingu við það sem hægt er að túlka út frá þessu gerðist þá hefur Þórbergur varla þurft að hafa orðið neitt forframaðri í kvennamálum í millitíðinni. Þá ber að hafa í huga að það sagði hann Matthíasi Johannessen eftir að hafa svarið fyrir að frásögnin í *Íslenskum aðli* væri sönn og því hefði ekkert raunverulega gerst milli þeirra. Dagbókin lýgur þó síður en höfundurinn. Það er ennfremur ljóst að Þórbergur var vissulega orðinn forframaðri í kvennamálum, en hvort hann hafi raunverulega farið fótgangandi í Hrutafjörðinn, aftur, til þess eins að geta rekist á Elskuna sína í von um að eitthvað gerðist, aftur, meðan hann átti í ástarsambandi við aðra konu – það er svo aftur annað og snúnara atriði. Talaði Þórbergur af sér? Því verður seint svarað til fullnustu. Hitt er þó ljóst að Þórbergur elskaði Arndísi Jónsdóttur og að þau voru í raun og sann elskendur, til skemmri eða lengri tíma, þótt þau teldu fólki trú um annað.

Ein aðalpersóna *Ofvitans* og *Íslensks aðals* er „elskan“ hans Þórbergs. Ýmsir hafa verið efins um að Þórbergur fari hárrétt með í frásögn sinni af henni. Þar á meðal var „elskan“ sjálf, sem í reynd hét Arndís Jónsdóttir. Hún var við fulla heilsu þegar bækurnar komu út og fullyrti að þeir kaflar sem um hana fjölluðu væru hreinn uppspuni. Þau Þórbergur hefðu þekkt en ekkert meira en það. Alla rómantíkina taldi hún hann hafa spunnið upp til að gera bækurnar seljanlegri. Hér er á ferðinni umhugsunarvert atriði, því það snertir spurninguna um hvers eðlis bækurnar *Íslenskur aðall* og *Ofvitinn* eru. Hvort þær eru eiginleg sjálfsævisaga eða skuli fremur flokkast með skáldsögum (Helgi M. Sigurðsson, 1992:28).

Það má telja vel líklegt að Arndís hafi verið gift kona þegar bækurnar komu út og gæti það að einhverju leyti skýrt afstöðu hennar til þeirra. Það mun ekki hafa þótt fínt að giftar konur útmáluðu sig um fyrri ástarsambönd í þá daga, hvað svo sem segja má um menn einsog Þórberg sem endalaust veltu sér uppúr þeim – og það á prenti. Eitt og sér skýrir það þó ekki þann frásagnarhátt sem Þórbergur valdi *Ofvitannum* og *Íslenskum*

aðli og það skýrir heldur ekki þann tón sem hann kaus ljóðum sínum. Það er að vísu enginn vandi að benda á að þetta tvennt fer ekki nauðsynlega saman; það er sitt hvað að vera rómantískur og vera væminn, og það hefur heldur enginn haldið því fram að Þórbergur hafi amast við rómantík milli tveggja aðila. En hvers vegna var honum þá svona uppsigað við rómantík í íslenskum bókmenntum? Að einhverju leyti hefur þetta tvennt þurft að fara saman.

Þann 14. mars 1914 skrifar Þórbergur í dagbók sína: „Kl. 9 til 10 sat eg hjá Arndísi Jónsdóttur og Ingibjörgu Guðmundsdóttur í Ingólfsstræti 10 og spjölluðum við um hitt og þetta“ (Þórbergur Þórðarson, 1986:172). Á þeim tíma má gera ráð fyrir að sambandi þeirra hafi verið nálega lokið því 23. apríl birtist dularfull færsla: „Nú hefi eg ásett mér að gera bót á ýmsu sem miður fer í lífi mínu“ (Þórbergur Þórðarson, 1986:175). Engin skýring fæst fyrren tæpum tveim vikum síðar, þann 4. maí:

Kl. 8 í morgun fór stúlka sú alfarin héðan úr bænum heim til sín norður í land, er eg hefi unnað hugástum í 2½ ár. Vorum við löngum samvistum og áttum ýmislegt saman að sælda, *er aldrei spyrzt í almannaleiðum* [let.br. mín]. En svo hafa nú atvikin í garðinn búið, að helzt er útlit fyrir, að vér „sjáumst aldrei framar“ [...] En nú er eg sannfærður um að eg elska hana eilíflega, hvernig sem annars um mig fer. Andi hennar býr alt af í sálu minni, og ást hennar umvefur allar tilfinningar mínar, skynjanir mínar og hugsanir. Og það er mér dýrlegra en allur auður veraldarinnar.

Og lausnin?

En söknuðurinn er mér *þó* sár. Eg á erfitt með að verjast ömurlegasta þunglyndi. En *þó* hefi eg fundið ráð til þess. Það fann eg í vetur, smátt og smátt, þegar eg sá hvernig fara mundi. Hvert er ráðið? Það er ósköp einfalt, *þó* eg sé ekki sannfærður um að öllum takist að hagnýta sér það þótt fyndu. Það er að reyna að *sýnast* alt af síkátur og glensfullur: Smám saman slær ytri gleðinni inn. En *þó* má henni ekki slá algerlega inn, því að þá á ég á hættu að göfugustu endurminningarnar blikni. Flestir hyggja að eg sé orðinn nokkurs konar gárungi, jafnvel siðleysingi, er hæðist og skopast að öllu fögru og guðdómlegu. En þeim er ekki kunnugt um hitt, að þetta er mér nokkurs konar kínalíf selixir, er varnar mér frá að sökkva á kaf í svartasta þunglyndi. Eg verð

að fórna umburðarlyndi annara fyrir velferð mína (Þórbergur Þórðarson, 1986: 176-9)³.

Árni Sigurjónsson hefur skrifað að þessi viðhorfsbreyting Þórbergs útskýri hvers vegna hann gekk framhjá bæ Arndísar í Hrótafirði árið 1912 (Árni Sigurjónsson, 1989:185). Það er auðvitað ekki nokkur fótur fyrir því þar sem téð viðhorfsbreyting varð ekki fyrren tveim árum eftir framhjáögunguna – sem þó aldrei varð – einsog sjá má bæði af dagsetningu dagbókarfærslunnar og ártalinu sem Þórbergur gefur upp í *Ofvitanum*, og full ástæða er til að leiðrétta þann misskilning hér þótt hitt sé rétt sem hann segir, að Þórbergur hafi verið orðinn fráhverfur „upphafinni ást í rómantískum stíl“. Í kaflanum *Elskan mín*, sem finna má aftarlega í *Ofvitanum*, segir hann nánar frá þessari nýju lífsspeki, hvernig gálghúmornum var ætlað að bjarga honum undan ástarsorg eftir Arndísi. Hann segir að alls ekki megi túlka það sem hroka eða yfirlæti:

Þvert á móti. Það var ein af megin-starfsaðferðum alvöruleysisins að stilla hlutunum á öfugan enda. Þannig varð hið hvíta svart og hið svarta hvítt, hið bjarta dimmt og hið dimma bjart, hið þunga létt og hið létt þungt, hið fagra varð ljótt og hið ljóta fagurt, hið kátlega sorglegt og hið sorglega kátlegt, hið merkilega afar ómerkilegt og hið ómerkilega afar merkilegt. Ástin varð bara væminn aumingjaskapur og hverjum alminlegum manni ósamboðið að hokra að konum [...] Og öll þessi afrek voru unnin til þess að troða upp í göt tótleikans og lífsleiðans, til að gefa tilverunni kátínufullt innihald, til að urða sínar eigin þjáningar og innræta sér lífsgleði og hamingjusemi (Þórbergur Þórðarson, 1982:330-331).

En hér er ákveðin þversögn komin fram: annarsvegar segir Þórbergur að hann sé sannfærður um að honum hefði aldrei auðnast að elska Arndísi til lengdar ef hann hefði fengið hennar, en hinsvegar segist hann orðinn sannfærður um að hann muni elska hana eilíflega, hvað svo sem verði um hann sjálfan. Í bók sinni *Skáldalíf* segir Halldór Guðmundsson: „Sá maður, sem ritar jafn innblásinn texta um andlega ást á annarri manneskju og lætur síðar í ljós það kaldraunsæja viðhorf til ástarinnar sem vitnað er til í upphafi kaflans, hlýtur að hafa orðið fyrir áfalli einhvers staðar á lífsleiðinni,“ (Halldór Guðmundsson, 2006:120). Þetta „kaldraunsæja viðhorf“ sem

³ Vegna mikilvægis fyrir þessa ritsmíð, og þess hversu mikilsverð heimild dagbókarfærslan er um persónu og viðhorf Þórbergs, er hún birt í heild sinni í *Viðauka I* hér að aftan.

Halldór talar um er það viðhorf Þórbergs sem kemur fram í viðtalsbók Matthíasar Johannessen, *Í kompaní við allífið*, að hann hafi gifst af andlegri fátækt; fátækt sem hjónaband geti ekki fremur lagað en stafur læknar gigt. Og það er gott að hafa ályktun Halldórs bakvið eyrað, enda þótt það sé jafnvel líklegra að áföllin hafi verið tvö.

II.b Fleiri ástir

Svo liðu fimm ár. Þá tók dýpri og markvísari innskoðun að færa mér heim sanninn um það, að lífsspekin sem ég hafði fundið upp muggusumarið mikla 1913, og iðkun hennar þaðan í frá var ekkert annað en heimskulegur flótti frá mesta vandamáli lífsins. Ég hafði engan hnút leyst, enga und grætt, ekki frelsað mig frá neinni „tortímingu“. Ég hafði aðeins frestað henni um takmarkaðan tíma [...] En ég var ekkert eins dæmi. Mér hafði farið nákvæmlega á sama veg og öllum þeim hinum mörgu, sem hafa ætlað sér að leysa mesta vandamál lífs síns með því að leggja á flóttu undan sjálfum sér og leita sér lausnar í ölaði, stritandi önnum eða musturum ímyndaðra máttarvalda. En það er löng og mikil raunasaga, sem ekki verður rakin í þessari bók (Þórbergur Þórðarson, 1982:331).

Árið 1918 var Þórbergur búinn að gefa út tvö ljóðakver, *Hálfa skósóla* og *Spaks manns spjarir*, sem getið er að nokkru í fyrsta kafla. En skyndilega varpar hann gálghúmornum fyrir róða. Virkið sem hann hafði reist umhverfis sig með gríni til varnar sorginni var skyndilega óþarft. Í aprílmánuði þess árs fann hann ástina á ný í Sólrúnu Jónsdóttur, Sólu. En sú langa og mikla raunasaga var aldrei rakin, hvorki í *Ofvitanum* né annarsstaðar.

Hann virðist einnig hafa verið ástfanginn fyrir þann vetur, eða einhverntíma á bilinu 1917 til 1918. Sú stúlka, Finnlaug Einarsdóttir, birtist víðasthvar í höfundarverki Þórbergs, en lengstu frásögnina af þeirra viðskiptum má finna í óútgefnu sjálfsævisögulegu handriti, *Stóra handritinu*. Það er nokkuð sérkennilegt hvaða konur Þórbergur velur sér til umfjöllunar í ljósi þess að fáir munu hafa háð eins harðvítuga baráttu fyrir ástina einsog Þórbergur í tilfelli Sólu, en ef marka má hann sjálfan gerðist á hinn bóginn ekkert milli hans og Finnlaugar þarsem hún var trúlofuð öðrum manni. Það eru raunar uppi ólíkar hugmyndir um það einsog margt annað, svo það er ekkert víst að hægt sé að taka mark á Þórbergi með það.

Þórbergur fléttar Finnlaugu inn í meinhæðið kvæði sem ber heitið *Góða nótt!* og birtist fyrst í *Hvítum hröfnum*. Í *Eddu* fylgir sú skýring að af „öðru erindinu myndi grandalaus lesandi ætla, að höfundurinn hefði unnað hugástum stúlku, sem þá hefði verið dáin. En sannleikurinn var, að hann var þá að byrja að verða skotinn í stúlku, sem dó nokkrum árum síðar“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:94). Innblásinn af örlögum hennar orti hann einnig kvæðið *Í Flatey*. Í skýringum við það kvæði segir hann um ferð sína til Flateyjar:

Það var fullt tungl þessa daga. Það var rauðgult síðsumarstungl, og það var heiðríkt loft með gylltum marításam kringum tunglið, og sjórinn var hvítur af logni allt í kringum eyjuna, og næturhúmið var milt og hljóðlaust og dularfullt, og við gengum þrír saman til kvöldverðarins vesturyfir eyna og horfðum á tunglið og himininn og hafið og hlustuðum á þögn húmsins. Inní þetta æfintýri síðsumarsins var letrað eitt af dapurlegustu æfintýrum mannlífsins. Í þessu grasi, sem við gengum í, hafði ung stúlka með þunglyndisleg augnalok slitið skóm æskudrauma sinna. Svo fór hún til Reykjavíkur til þess að leita nýrrar hamingju, og þaðan hélt hún lengra úti heiminn til að finna meiri hamingju. En hún fann ekki hamingjuna. Og nú var hún dáin (Þórbergur Þórðarson, 1984a:170).

Í *Ofvitanum* gefur Þórbergur Finnlaugu atkvæðakúlu úr stúku með þeim orðum: „Þessa kúlu gef ég þér hér með. Hún er hvorki matur né drykkur. En hún er sýnileg mynd þeirrar guðlegu ástar, sem ég hef borið í brjósti til þín, síðan ég sá þig fyrst í október í haust. Þú varst að ganga niður Geirstún. Það var hrím á túninu. Og þú varst að sækja mjólk niður í Björnsbakarí. Man ég þetta ekki vel? Þú varst meira að segja í guldröfnóttum morgunkjól“. Finnlaug tók við kúlunni með þeim orðum að hún væri trúlofuð og þyrfti nú samt sem áður að fara til Kaupmannahafnar (Þórbergur Þórðarson, 1982:162).

Í *Kompaníu við Þórberg* segir hann Matthíasi Johannessen frá viðskilnaðinum: „Ég var nokkuð fljótur að jafna mig. En það var gaman að þessu æfintýri þá níu mánuði, sem það stóð, kannski mest fyrir það, að aldrei var neitt gert. Þetta var lagleg stúlka, með einkennilega þung augu“ (Matthías Johannessen, 1989:97). Einnig minnst hann á hana í *Bréfi til Láru*. Þar segir hann um brottför Finnlaugar: „Næsta mánuð reikaði ég eirðarlaus um göturnar eins og óhamingjusamur eiginmaður. Þá tók

önnur stúlka hug minn, enn þá yndislegri, og hin gleymdist von bráðar eins og vond samvizka, enda elskaði ég hana aldrei mjög mikið. Svona hefir það gengið til fyrir mér. Mikið er guð búinn að reyna mig. Í fyrra dó þessi Flateyjar-drós. Halldór Kolbeins lét mig taka í hönd dóttur hennar fimm ára. Það var mikil reynsla fyrir mig“ (Þórbergur Þórðarson, 1975:24). Seinni stúlkan sem Þórbergur nefnir er Sólrún Jónsdóttir.

Halldór Guðmundsson gefur í skyn í bók sinni *Skáldalíf* að eitthvað meira hafi gerst milli þeirra Finnlaugar en Þórbergur segir frá í bókum sínum:

Dóttir Finnlaugar, Elín *Elma* Ida Jensen, var fædd 17. september 1918 svo kannski var þessi ást þrátt fyrir allt endurgoldin; af hverju hefði Þórbergi annars átt að finnast það merkileg reynsla að taka í hönd lítillar stúlku? Í Bréfi til Láru bætti hann við: „Það þýðir ekki að leyna þig þessu. Þú lest það hvort sem er í akashakrónikunni, þegar þú ert dáin. Það kvað alt sjást. Þar sérðu allar mínar yfirsjónir, og tala þeirra er legió.“ [...] Hvað skyldi standa í akashakrónikunni um Þórberg og stúlkuna sem hann heilsaði? (Halldór Guðmundsson, 2006:125)

Hvort sem nokkuð fór þeirra á milli er nokkuð ljóst að Finnlaug hefur snert nógu mikið við Þórbergi til að hann minnst á hana trekk í trekk, og alltaf dregur hann upp þessa sömu goðumlíku mynd af henni: Lagleg stúlka með þung, dapurleg augu, í grænni kápu. Dapurleg örlög hennar hafa ef til vill ekki síður verið honum hugleikin, sem sjá má á því hversu ofarlega hún var honum í huga meðan hann dvaldist í Flatey, og gera má ráð fyrir að hún eigi einhvern þátt í þeim rómantísku stemningum sem hann upplifði þar og orti um kvæðið *Í Flatey*, sem fyrst birtist í *Bréfi til Láru* og síðar *Eddu* (Þórbergur Þórðarson, 1975:24; 1984a:171). Í *Stóra handritinu* gefur hann í skyn að hann hafi meira að segja sótt hana heim að hinsta dvalarstað, jafnvel oft en einu sinni: „Eftir þetta sá ég hana aldrei framar. Hún giftist þegar hún kom til Kaupmannahafnar, og litlu síðar átti hún barn. Maðurinn drakk og svallaði og hún seldi ávexti á götunum þeim til lífsuppeldis. Að lokum bjargaði annar maður henni úr klóm þessa sjóara. Þau giftust. En litlu síðar andaðist hún af barnsförum. Leiði hennar er [í] Vesturkirkjugarði“ (Þórbergur Þórðarson, *Stóra handritið*:218).

En þrátt fyrir hinar ólíkustu vangaveltur sem menn kunna að hafa um samband þeirra Finnlaugar fer það ekki á milli mála að Þórbergur var vissulega fljótur að jafna

sig, því skömmu síðar, eða vorið 1918, kynntist hann Sólrúnu Jónsdóttur. Þórbergur virðist hafa kolfallið fyrir henni við fyrstu kynni og ekki leið á löngu áður en hún varð ástfangin af honum. Í bréfi sem vinkona Þórbergs, Kristín Guðmundardóttir, skrifaði Sigurði Nordal segir meðal annars: „Brátt kom hann svo með Sólrúnu heim til okkar, því ég átti að sjá hvernig henni litist á hann. Ekki man ég nú hvað mér sýndist þá, en áður en langt leið mátti ekki greina hvort þeirra var ástfangnara. Og enn í dag finnst mér þau áfjáðustu elskendur sem ég hef þekt“ (Kristín Guðmundardóttir, 1946:2). Í *Skáldalífi* kemur fram að þegar sama vor hafi Þórbergur tekið að skrifa innileg ástarbréf til Sólrúnar. Á hinn bóginn varð það sömuleiðis snemma ljóst að Guðbjörg Einarsdóttir, móðir Sólrúnar, var ekki lítilega óánægð með málavexti.

Einsog Halldór Guðmundsson rekur hafði hún sjálf kynnst erfiðleikum þess að vera einstæð móðir og vildi dóttur sinni efnameiri mann en Þórberg, sem mun hafa átt fullnóg með sjálfan sig á þeim tíma (Halldór Guðmundsson, 2006:126-127). Indriði G. Þorsteinsson orðar það þannig í inngangsorðum sínum að *Bréfum til Sólu*: „Guðbjörg hefur ýmislegt mátt reyna á lífsleiðinni. Henni var ákaflega umhugað um að dætur hennar lentu ekki í hrakningum og ættu tryggja framtíð. Af þeim ástæðum er ljóst, að Þórbergur var næsta óráðinn elskhugi í hennar augum, kunni enga iðn og gekk um bæinn sem skáld og spekingur. Það hefur aldrei þótt stórt búsiðlag á Íslandi“ (Indriði G. Þorsteinsson, 1983:9). Sólrún var auk þess þegar trúlofuð Steindóri Pálssyni, sjómanni. Þó fylgdi hún hjartanu enn um sinn og hitti Þórberg áfram á laun. Þau máttu þola ýmsar raunir fyrir vikið og að endingu tókst Guðbjörgu og Olsen nokkrum, safnaðarformanni aðventista í Hafnarfirði, að fá Sólrúnu til að efna heit sitt og giftast Steindóri, einsog öll tilefni höfðu staðið til, þrátt fyrir að hún væri enn ástfangin af Þórbergi.

Um sambandsslit þeirra Sólrúnar orti Þórbergur þrjú tregafull kvæði sem fyrst birtust ásamt fleirum í *Hvítum hröfnum* undir sameiginlega titlinum *Munarljóð*. Honum var meira að segja svo brugðið að hann skrifaði Sólrúnu, vægast sagt, harðort sjötíu og tveggja blaðsíðna bréf, þar sem hann fer mikinn í hálfmóðursýkislegri gagnrýni á Sólrúnu og móður hennar. Þar segir meðal annars: „Álit mitt á þér og þínum andlega manni, sem eg dirfist varla að nefna, hefir tekið svo miklum stakkaskiftum, eins og eg þegar hefi drepið á, síðan þú lézt teyma þig suður í Hafnarfjörð og beita þig þeim svívirðingum, sem þú ein hefðir skap til að þola, að eg get með engu móti unnað þér eða virt þig lengur. Undirstaða sú, sem ást mín og virðing fyrir þér voru reist á, mannvit þitt, brjóstgæði og andlegt atgervi yfirleitt, er í

mínnum og margra annarra augum hrúnin að grunni og verður naumast endurreist á þessu skeiði jarðvistar þinnar“ (Þórbergur Þórðarson, 1918:3). Það er eitthvað annað hljóðið í þessu bréfi en í þeim ástarbréfum sem síðar fylgdu og gefin hafa verið út á bók (*Bréf til Sólu*, 1983). En bréfin sem á undan komu hafa aldrei komið út.

Hjónaband þeirra Steindórs og Sólrúnar var raunar ekki eins náíð og vera skyldi þar sem Steindór var langdvölum á sjó. Árið 1922, um svipað leyti og *Hvítir hrafnar* komu út, gerist það loks að Þórbergur og Sólrún hittast fyrir slyzni heima hjá sameiginlegum vini þeirra, Kristínu Guðmundardóttur. Um það skrifaði Kristín til Sigurðar Nordal: „Ekki man ég nú hvað löngu eftir þetta það bar við að Sólrún leit inn til okkar um kvöld, og skömmu síðar kom Þórbergur, sem þá var heimagangur hjá okkur. Þeim brá báðum, en tókst fljótt að láta sem ekkert væri. En mér fannst sem gneistar sindruðu milli þeirra, og þegar leið á kvöldið þóttist ég sjá hvað verða vildi. Þau fóru svo saman, því Þórbergur kvaðst ætla að fylgja henni heim“ (Kristín Guðmundardóttir, 1946:6).

Þau tóku að hittast aftur á laun en áframhaldandi hjónaband Sólu og Steindórs mun hafa reynst Þórbergi afar þungbært. Í bréfi til Sólu frá þessum tíma segir hann meðal annars: „Mér eru lokaðar gleðilindir þessa lífs, lokaðar fyrir fullt og allt. Ég er fangi í myrkrastofu, sem bíður dauða síns með sterkri þrá. Ást, sem lifað hefir heit og brennandi í nálega fimm ár og í raun og veru alltaf jafnheit, þótt ill örlog hafi skilið okkur, slík ást er sannarlega ekki neitt hverfuleikans tildursmíð. Hún deyr ekki á morgun. Ríki hennar er eilíft. Að ég vilji elska aðra stúlku en þig er mér óhugsandi“ (Þórbergur Þórðarson, 1983b:82).

Sólrún er talin hafa haft hug á að skilja við Steindór en það varð aldrei. Tveimur árum eftir að þau Þórbergur tóku saman á ný fæddist þeim dóttirin Guðbjörg og mun hvorki þeim né Steindóri hafa verið nokkuð til efs um faðernið. Steindór lést þremur vikum síðar úr bráðataæringu og faðernið var skráð eftir hjúskaparstöðu (Halldór Guðmundsson, 2006:135). Þórbergur mun ekki hafa borið kveðju til Sólu sinnar eftir barnsburðinn og þótti Kristínu Guðmundardóttur „Þórbergi farast heldur lítilmannlega, því þegar ég sá telpuna var ég viss um að hann ætti hana, svo nauðalík honum var hún“ (Kristín Guðmundardóttir, 1946:9). Sjálfum var Þórbergi svo mikið niðri fyrir vegna óléttunnar að í bréfi til Vilmundar Jónssonar árið 1923 segist hann ekki hafa komist í annan eins sálarháská síðan hann reyndi að drekkja sér vestur í Selsvör ellefu árum áður (Þórbergur Þórðarson, 1987:110). Og í bréfi til Kristínar

Guðmundardóttur, dagsettu 27. júní 1924, svarar hann fyrir sig, með nokkuð skringilegum hætti þó:

Eg geng þess ekki dulinn, að þú fyrirlítur mig í hjarta þínu. En eg tek mér það ekki nærri. Sá, sem er fyrirlitinn, getur leyft sér alt við hænsnið, sem fyrirlítur. Sá, sem er virtur, má hins vegar ekkert segja, sem er virðingu hans ósamboðið. Miklir menn þekkjast á því, að þeir eru fyrirlitnir af borgurunum, hvort sem þessir borgarar eru kapitalistar eða sósíalistar með borgaralegan mórál. Ekki vantar það, að þú þykist hafa fyrirlitningu á borgaralegum hugsunarhætti. En hins vegar hefi eg enga manneskju þekt, sem hefir þrætt nákvæmar borgaralega miðlungsmensku í breytni sinni og barnauppleidi en einmitt þig. Þú kvaddir mig ekki einu sinni, þegar eg fór. Þegar aðrir kunningjar mínir fylgdu mér á skipsfjöl, lást þú eins og skepna í bælinu og jórtraðir danskan reyfara. Þess utan ertu einhver bezta manneskja, sem eg hefi þekt (Þórbergur Þórðarson, 1987:151-2).

Allt fram til ársins 1932 greiddi Þórbergur takmarkað meðlag með dóttur sinni þótt hann skipti sér ekkert frekar af henni. Samband þeirra Sólu hélt áfram en hitinn virtist að mestu slökknaður. „Bréf Þórbergs til Sólu ná allt til haustsins 1931 þótt þau verði færri, styttri og strjálle eftir því sem frá líður. Hér er önnur gáta í ævi Þórbergs: Sólrún var orðin ekkja og hafði alið honum dóttur, engin hindrun var lengur í vegi ástar þeirra, en þá var einsog Þórbergur hikaði, legði ekki á djúpið þrátt fyrir áframhaldandi ástarjátningar sem búa þó ekki yfir sama sannfæringarkrafti [...] Í ritgerð sinni um ástarsamband Sólu og Þórbergs segir Kristín Guðmundardóttir: „Það sem stóð í vegi fyrir að þau giftust þegar Sólrún var orðin ekkja, var að þá hafði Þórbergur fastákveðið að kvænast aldrei!““ (Halldór Guðmundsson, 2006:136).

Þetta er makalaus afsökun, ekki síst þegar litið er til þess að Þórbergur kvæntist Margréti Jónsdóttur *sama ár* og síðustu bréfin fóru milli þeirra Sólrúnar. Sjálfur sagði hann Sólrúnu aðeins tveim árum áður en hún varð ekkja, þann 9. október 1922: „Ég hefi ekkert þráð og þrái ekkert eins brennheitt og innilega sem það, að við mættum lifa saman alla æfi, að við mættum njóta saman þeirrar sælu, sem sönn ást hefir í för með sér. Með öðrum orðum: að þú yrðir eiginkona mín og ég eiginmaður þinn“ (Þórbergur Þórðarson, 1983b:69). Það er erfitt að skilja hvað hefur breyst á þessum stutta tíma annað en að nú fyrst getur hann gifst henni. Að vísu er komið barn, en líklega hefur fleira komið til. Sigfús Daðason segir í grein sinni *Nýjung í*

Þórbergsfræðum: „Hann var orðinn fráhverfur hugmyndum um hjónaband, hafði endurfæðst til esperantó, vildi heldur vera ástfanginn í fjarlægð en eiginmaður í sambúð, var þrátt fyrir allt of brenndur af sambandinu við Sólu til að helga sig því það sem eftir var ævinnar“ (Sigfús Daðason, 1984:138). Og loks, sjö árum eftir að hann hefur ákveðið að giftast aldrei, þykist hann svo hafa gift Margréti af „andlegri fátækt“. Halldór Guðmundsson leggur fram áhugaverða tilgátu:

Það er engin ein einföld skýring á því hvers vegna Þórbergur tók ekki saman við Sólu eftir að Steindór dó. En hann var, ef marka má dagbókarskrifin frá áratugnum fyrr, allt eins upptekinn af þránni eftir ást og veruleika ástarinnar sjálfar. Svo virðist sem hann hafi heillast mest af konum sem hann af ýmsum ástæðum gat ekki fengið: Arndísi, Finnlaugu, Sólu. Ást í meinum hefur alltaf verið meira söguefni en ást í verunni og kannski hefur hún kveikt meira í Þórbergi heldur en tilhugsunin um að þurfa að taka ábyrgð á konu og barni (Halldór Guðmundsson, 2006:138).

Mikilvægt er að setja þessi orð Halldórs í samhengi við það sem Þórbergur sagði um ást sína á Arndísi Jónsdóttur, að ef til vill hefði honum aldrei auðnast að elska Arndísi til lengdar ef hann hefði fengið hennar. Hvers vegna hefði annað átt að gilda um Sólu eða Finnlaugu? Þá er athyglisvert að Þórbergur endurfæðist skyndilega „skýrt og skorinort til ritstarfa“ milli apríl 1932 og nóvember 1933 (Þórbergur Þórðarson, 1939:10), skömmu eftir að hann segir endanlega skilið við Sólrúnu og hoppar í hjónasæng með Margréti. Árið 1938 kom *Íslenzkur aðall* út, skáldævisaga um fyrstu ástina hans Þórbergs og sorgina sem henni fylgdi. En aldrei skrifaði Þórbergur eitt aukatekið orð um Sólu sína utan bréfin og dagbækurnar. Sjálfsævisögulegu verkin fjalla um allt aðrar ástir. Enn leggur Halldór Guðmundsson fram tilgátu:

[Að] frátöldu ljóðinu í Hvítum hröfnum skrifaði hann aldrei um Sólu né Guðbjörgu dóttur sína. Í skýringum við þennan hluta Munarljóða í Eddu sagði Þórbergur einungis að þau væru „ort út af dapurlegum ástum til stúlku, sem hertók hjarta mitt í mánuði apríl 1918.“ Árið 1928 birti hann ritgerðina Þrjú þúsund þrjú hundruð og sjötíu og níu dagar úr lífi mínu um lífshlaup sitt undanfarinn áratug en þar er Sólu og Guðbjargar hvergi getið. Hann hélt heldur ekki áfram að rekja ævi sína á öðrum áratug aldarinnar, eftir að Ofvitanum og Íslenskum aðli sleppir, enda hefði hann þá fljótlega komið að

þeim árum sem stóðu í merki Sólu. Það er líka athyglisvert að í þeim óbirtu ævisögudrögum sem varðveist hafa, og ná frá þeim tíma þar sem Ofvitanum sleppir allt fram á fjórða áratuginn, er aldrei minnst á Sólu. Kannski skrifaði hann aldrei framhaldið af Ofvitanum af því að hann treysti sér ekki til að skrifa um stóru ástina, þrátt fyrir alla hreinskilnina (Halldór Guðmundsson, 2006:141-142).

Því má bæta við að af skýringum hans við *Skóhljóð dáiinna daga* í *Eddu* að dæma er það samið um Sólrúnu: „Svo bar við snemma á vori 1922, að ég háttaði eitt blíðviðrískvöld í viðbjóðslega væminni stemningu. Ég var ástfanginn og meyr og gljúpur og andlegur innvortis, og þá finnur maður ekki sjálfur, hvað maður er ógeðslegur“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:153). Í það minnsta ber dagsetningunum saman – fyrsta varðveitta bréf Þórbergs til Sólrúnar eftir að þau tóku saman aftur er dagsett 15. júní 1922 (Þórbergur Þórðarson, 1983b:23).

Hvað svo sem kann í raun og veru að vera ástæðan að baki þessari kynlegu og þversagnakenndu framkomu, getur verið freistandi í þessu samhengi að minnast gagnrýni Þórbergs á Svein Jónsson: „Þá var tilganginum náð. Hin dimma heimshryggð, hin húðstrýkjandi sorgarljóð um voðalega ólánsama elskendur, sem grimmar nornir hnepptu í fjötra illra álaga, svo að þeir fengu aldrei að njóta ásta sinna í lífinu [...] Þá var ekkert annað hægt að gera en að reyna að halda áfram að hjara, auðmýkja sig nógu mikið til að vinna aftur ástir meyjunnar og lifa svo hamingjusömu ástalífi, þar til það væri orðið of áberandi ólíkt Jónasi Hallgrímssyni og Dante,“ (Þórbergur Þórðarson, 1984b:93-94). Þessi lýsing gæti allteins átt við hann sjálfan, eða Þórberg, sögupersónu *Íslenzks aðals*.

Halldór Guðmundsson leggur til eftirfarandi lausn: „[Þórbergur segir að] ástin sé innilegt vináttuþel sem komi og fari. Upp úr ástinni geti sprottið elskan og verði hún hluti af innihaldi mannsins muni hann bera kærleika til allra manna en ekki neinnar sérstakrar veru. Þessi heimspekilega afstaða verður seint kennd við rómantískar hugmyndir um ástina en kannski mótast hún svona hjá manni sem hefur brennt sig illa á loga hennar,“ (Halldór Guðmundsson, 2006:116).

II.c Sakleysið uppmálað

Þórbergur Þórðarson unni aðeins hugástum í höfundarverki sínu, var aðeins einu sinni við kvenmann kenndur svo spyrðist í alfaraleið, giftist af andlegri fátækt konu sem

honum varð aldrei barna auðið með og fékk ekki einu sinni faðerni dóttur sinnar viðurkennt fyrir rétti. Ef þetta er ímyndin sem fólk hafði af Þórbergi áður en upp komst um ástir hans og Sólrúnar árið 1983 með útgáfu bréfanna, fyrir útgáfu dagbókarfærslanna sem fjölluðu um ástarsamband hans við Arndísi Jónsdóttur og birtust fyrst almenningi árin 1986 og 1987, og fyrir þær seinni tíðar rannsóknir sem hér er vitnað til frá því snemma á síðasta áratug fram á þennan – þá skyldi maður ætla að Þórbergur hafi fram að því verið sakleysið uppmálað í augum lesenda sinna.

En Þórbergur einsog annað fólk var náttúrlega fyrst og fremst mennskur. Og hann var ekki alltaf trúr henni Sólu sinni sama þótt hann elskaði hana ofboðslega mikið. Og það þótt saga þeirra hljómi dulítið einsog raunveruleg skopstæling af skopstælingu Þórbergs á kvæði Sveins Jónssonar um Sólveigu, einsog vofveiflega nýrómantískt ævintýri í veruleikanum, þá er jafnan fleiri en ein hlið á hverju máli og þegar þær eru allar samankomnar virðist veruleikinn kannski ekki alltaf svo skáldlegur lengur. Og Þórbergur átti sér ýmsar hliðar:

Tökum desember 1926. Sólrúnu hittir Þórbergur 7., 9., 16. og 22. mánaðarins. Kristínu [Guðmundardóttur] aftur á móti 1., 2., 3., 5., 6., 7., 10., 12., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21., 23., 24., 25., 26., 28., 29., 30. og 31. [...] Þá hafa þau sjálfsagt ekki lítið þurft að ræða ástamálin, það er samband Þórbergs og Sólrúnar, til dæmis 4. febrúar [1927]: „Sat heima hjá Kristínu og spjallaði við hana um ástamál kl. 8¾ – 10½. Þá kom Hallbjörn ...“ Það er bara þetta, þegar maður situr dögum saman og ræðir við unga konu ástarsamband sitt og annarrar konu er ekkert eins líklegt og samband komist á við ská-konuna, í þessu dæmi Kristínu (Pétur Gunnarsson, 2007:172).

Pétur Gunnarsson leiðir að því líkum að Þórbergur og Kristín Guðmundardóttir hafi átt í ástarsambandi frá því um sumarið 1927 til febrúar 1928, en á þeim tíma á Þórbergur enn að heita í sambandi við Sólrúnu og það hélt allt fram í ársbyrjun 1931. Að vísu hefur hann þverneitað að giftast. Auk þess er nú svo komið fyrir áhuga hans að í stað þess að verja tíma með Sólrúnu og Guðbjörgu dóttur sinni ver hann nú flestum sínum frístundum með Kristínu og vinum þeirra. Í bréfum sínum til Sólrúnar frá þessum tíma segist hann oft og tíðum vera einn og fullur söknuðar eftir henni, en dagbókarfærslum ber ekki meira saman við bréfin en svo að hann fer í kökuveislur og snjókast með vinum sínum í „Mjólkurfélagi heilagra“. Í árslok 1927 sendir Sólrún

uppsagnarbréf til Þórbergs en samt heldur sambandið. Kannski fyrir sannfæringarmátt þess sem hafði áður haft sjálft Almættið undir í rökræðum. Og þegar uppúr slitnar hjá honum og Kristínu kemur Þórbergur aftur, þótt hann þurfi enn á ný að hitta Sólrúnu á laun (Pétur Gunnarsson, 2007:174-180). En skyndilega verður breyting á:

Margrét Jónsdóttir kemur fyrst fyrir í dagbókum Þórbergs Þórðarsonar 6. júlí árið 1932. Þau fóru þá saman í göngutúr út í Örfirisey. Og upp frá því líður varla svo dagur að Þórbergur færi ekki í dagbókina stórt M [...] Að vísu hefur barnsmóðir hans, Sólrún, smám saman fjarað út í dagbókunum, síðasta dagsetta bréfið til hennar er frá 7. október 1931. En hann á í ástarsambandi við fleiri konur, Fríða og Dúa heita tvær sem hann heimsækir títt og ótt og þær hann, þó ekki samtímis. Þá er ótalin Kristín Guðmundardóttir sem hann hittir stöðugt og jafnt [...] Nú tekur fyrir það, frá og með Margréti hverfur Sóla úr lífi Þórbergs, ekki aðeins að þau hittist ekki framar heldur er engu líkara en Þórbergur ætli að má burt liðnar samverustundir, hann tekur sér fyrir hendur að stroka út úr dagbókunum hverja einustu færslu þar sem Sóla kemur fyrir (Pétur Gunnarsson, 2007:190-194).

Til þess hefur Þórbergur þurft að fara nákvæmlega yfir hverja einustu dagbókarfærslu síðustu fjórtán ára á undan. Og með því var hún horfin úr lífi hans. Halldór Guðmundsson telur að það hafi að vísu ekki verið sársaukalaus ákvörðun, en Þórbergur hafi valið að fórna ástinni fyrir sköpunargáfuna og „kannski mátti merkja það á seinni árum hans að hann var ekki alls kostar sáttur við hlutskipti sitt“ (Halldór Guðmundsson, 2006:141). Ef til vill er fullyrðingin ein stærri en spurningin sjálf: fórnaði Þórbergur Þórðarson ástinni fyrir ritstörfín? Og skrifaði svo um menn sem fórnauðu ástinni fyrir ritstörfín? Líklega verður aldrei hægt að svara því til fullnustu. Halldór telur að Þórbergur hafi í raun haft Sólu í huga þegar hann skrifaði um Elskuna sína, því hann hafi aldrei verið með síðarnefndu (sjá sama rit, sama stað). En að öllu athuguðu hlýtur það að teljast í meira lagi ólíkleg tilgáta.

III Andrómantísk viðhorf Þórbergs

III.a Aðferðafræðilegur varnagli

Nokkru síðar varð Þórbergur einnig óléttur á sinn hátt, því þá hófst meðgöngutími *Bréfs til Láru*. Lék hann á alls oddi við skriftirnar þann vetur.

Eins og sængurkona hafði hann hægt um sig, sat mikið flötum beinum uppi í rúmi og skrásetti hugdettur sínar sem síðar urðu víðkunnar. Og skömmu eftir að Sólrún varð léttari tók hann einnig jóðsótt og gat af sér handrit (Helgi M. Sigurðsson, 1992:67-8).

Í upphafi var spurt hvaða áhrifa úr persónulegu lífi Þórbergs gætti í höfundarverki hans, það er að segja: hvernig þetta tvennt tengist og hvaða ályktanir megi draga af því. Þar sem Þórbergur á í hlut er oft vandasamt að setja atburði í orsakasamhengi. Það er til að mynda ekki hægt að slá því föstu að bréf Þórbergs til Láru Ólafsdóttur hafi orðið eins langt og raun ber vitni vegna persónulegra aðstæðna. Helgi M. Sigurðsson og Pétur Gunnarsson hafa þó til að mynda gefið það í skyn og bent á ýmislegt því til rökstuðnings, en úr því verður því miður aldrei skorið með óyggjandi hætti. Það er á hinn bóginn vel hægt að skoða *Bréf til Láru*, einsog önnur verk Þórbergs, í samhengi við persónulega reynslu höfundarins og mikilvæga atburði í lífi hans.

Mikilvægt er að slá þann varnagla við þá aðferð, að rétt einsog bókmenntaverk segja lítið um höfund sinn, þá segja æviskeið höfunda okkur lítið um verk þeirra sem sjálfstæðar einingar. Það er að segja: sú aðferð færir okkur ekki sannleikann uppí hendurnar. Þótt skáld yrki um stríð er ekki þarmeð sagt að skáldið hafi upplifað stríð, alveg eins þótt skáld hafi upplifað stríð er ekki þarmeð sagt að skáldið yrki um stríð. Aðferðin gerir okkur á hinn bóginn kleift að smíða tilgátu sem má sannreyna með hliðsjón af heimildum, sé þeim til að dreifa. Að því sögðu getum við hafist handa.

III.b Hálfir skósólar

Árið 1915 gaf Þórbergur út ljóðakverið *Hálfir skósólar*. Þar birtust kvæðin *Skrifað í vísnaþók Soffíu*, *Brot úr þvottakonukvæði*, *Til hypothetista*, *Til Helgu*, *Ég er aumingi*, „*Yfirnáttúrlegt*“ og sjötta erindi *Fútúrískra kveldstemninga*. Bókin er gefin út árið eftir að slitnar uppúr sambandi Þórbergs og Arndísar Jónsdóttur. Í dagbók sinni árið 1914 segist hann hafa ákveðið að snúa öllu upp í kerskni og grín, hinu háleitasta sem hinu smæsta, til að draga úr sársaukanum sem fylgdi sambandsslitum þeirra. Þetta kemur einnig fram í *Ofvitanum*. Dagbókin er áreiðanlegri heimild en *Ofvitinn*, og fyrst þær ber að sama brunni verður að taka mark á þeim.

Í skýringum sínum við *Skrifað í vísnaþók Soffíu* kemur fram að Þórbergur var ennþá fastagestur í Bergshúsi þótt Arndís væri flutt þaðan. Þangað fór hann til að

spjalla við fólkið og minnst samverustunda þeirra Arndísar í Bergshúsi. Jafnframt kemur fram að kvæðið var ort til stúlku sem kærði sig ekki um að fá það skrifað í póesibók sína, en Þórbergur hafi þurft að koma því uppá einhverja stúlku, jafnvel þótt það væri tilfallandi hver það yrði, og eftir henni heitir kvæðið sem þáði það (Þórbergur Þórðarson, 1984a:32-3). Kvæðið er skopstæling á rómantísku ástarljóði, sem til að mynda má sjá á fjórða erindi fyrri hluta þess („Þá skal ei önd mín af ástarsulti jarma“) og ekki ort af alvöru til neinnar tiltekinnar manneskju, ef marka má skýringar Þórbergs í *Eddu*.

Brot úr þvottakonukvæði er ort til Önnu nokkurrar sem var vinnukona í Unuhúsi og þvoði nærfötin af Þórbergi. Kvæðinu var ætlað að vera greiðsla fyrir verkið. Þau óvenjulegu orð og orðasambönd sem finna má í kvæðinu eru „andóf gegn klígju höfundarins við slepjulegum orðavæl þeirra tíma“, segir höfundur í *Eddu* (Þórbergur Þórðarson, 1984a:36-7). Í því kvæði, líkt og víðasthvar, velur Þórbergur sér „skáldleg“ orð á við *fljóð* eða *svanni* til að gera kvæðin annarlegri og myndnari. Taka má næstsíðasta erindi fyrri hluta þvottakonukvæðisins sem dæmi:

Flissirðu, fljóðið dýra!
 fæ ég magapín,
 af því ég ann þér allur svert,
 eilífðarkollan mín!
 (Þórbergur Þórðarson, 1984a:39)

Ljóðið er þannig dæmigert fyrir þá stefnu sem Þórbergur hafði markað sér eftir sambandsslitin við Arndísi. Sama má segja um *Til hypothetista*, sem Soffía Auður Birgisdóttir hefur gert að umtalsefni og réttilega sagt að sé „ein alsherjar skopstæling á nýrómantískri kvæðagerð“ (Soffía Auður Birgisdóttir, 2001:281). Þórbergur skýrir kvæðið þannig að það sé stælt eftir hinum velgjulega, inpótenta tilgerðarjarmi sem einkenndi íslenska ljóðlist á þessum árum. „Þar eru rottur látnar kvaka um ástir á greinum trjáanna í stað þess að láta saklausa fugla syngja töfrandi ljúflingslög um ódauðleika hinnar einu sönnu ástar“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:40). Skopstælingin er augljós við fyrsta lestur. Á einum stað dansar þá nokkur polka uppi á jökli, en seinna í kvæðinu spangólar hún, springur af harmi og spriklar einsog barnshafandi kona (Þórbergur Þórðarson, 1984a:41-2), og enga áþreifanlega merkingu, utan ýktar skírskotanir til rómantískis myndmáls, er að finna í kvæðinu.

Svipað er uppi á teningnum í *Til Helgu*, sem er samið til stúlku sem þá vann á bókbandsstofu Landsbókasafns. Ekki er beinlínis hægt að segja að hún hafi orðið hrifin ef marka má höfund sjálfan. „Svona ástarljóð voru þá nýjung, sem óreyndar stúlkur þurftu tíma til að átta sig á. Þau voru svo gersamlega laus við allan vælukjóaskap, líkingamálið svo óvenjulegt, orðalagið oft svo annarlegt, hugsunin tíðast sögð svo opinskátt og umbúðalaust, alveg einsog menn eru vanir að hugsa þetta í hjartanu, áðuren þeir fara að hræsna fyrir sinni elskuðu“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:43-4). Þeirri fullyrðingu þarf að taka með fyrirvara, því varla hugsa margir svona um elskuna sína:

Þú ert svo góð og gáfuð
og gasprar svo fínt við þá,
sem eru sífelld á veiðum
og sofa vilja hjá.
(Þórbergur Þórðarson, 1984a:45)

Um *Ég er aumingi* gildir nokkuð öðru máli en hin kvæðin. Þórbergur segir:

Það er ekki veigamikið. En ég held það sé fullkomið innan sinna takmarka. Hugsunin fellur í einum streng að ranghalalausum ósi, engu orði of og engu orði van, framsetningin næstum barnslega einföld og tónninn hreinn. Og með tveim síðustu línunum bjargar höfundurinn sjálfum sér og kvæðinu frá slepjulegum aumingjaskap (Þórbergur Þórðarson, 1984a:48).

Svo bætir höfundur skýringum við nafnið Stína sem kemur fyrir í ljóðinu, og hvaða bernskuhaga hann eigi við: „Hún hét ekki Stína. Hún hét Elskan mín, og bernskuhagarnir voru Bergshús“ (sama rit, sama stað). Höfundur bjargar sér þannig frá því að semja væmið ástarljóð til Arndísar með því að snúa því upp í skop í síðasta erindinu: „En ef ég kemst nú ekki fet, / elskulega Stína! / eg skal éta einsog ket / endurminning þína.“

Kvæðið „*Yfirnáttúrlegt*“ segist höfundur hafa ort í virðingarleysi við hefðbundinn kveðskap á Íslandi (Þórbergur Þórðarson, 1984a:50) og er dæmigert fyrir bókina alla. Þar má finna línur á borð við „Það er einsog murrara-morr, / marrara-korr í svíni, / eða einsog einhver sé / að etja ljá með brýni“ og „Þúsund árar æpa' að mér /

og eru að spyrja um frúna. / Ég er að dotta, djöfull sæll! / Dóra' er að mjólka kúna.“ (Þórbergur Þórðarson 1984a:51). Kvæðið er grínaktugt bull frá upphafi til enda. Um *Fútúrískar kveldstemningar* hefur þegar verið rætt á þessum síðum.

Séu ljóðin í *Hálfum skósólum* borin saman við skýringar Þórbergs sjálfs, bæði í dagbókinni og síðar *Ofvitanum*, má telja nokkuð öruggt að þau eru afurð þeirrar hugarfarsbreytingar sem Þórbergur tamdi sér í vörn gegn ástarsorginni eftir Arndísi Jónsdóttur, að snúa öllu á hvolf og láta sem ekkert væri heilagt.

III.c Spaks manns spjarir

Spaks manns spjarir kemur út árið 1917, um það leyti sem útséð er um ástir Þórbergs og Finnlaugar Einarsdóttur. Í þeirri bók birtust kvæðin *Grafskrift*, *Hjartsláttur lífsins*, *Dáinnar minning*, *Fjórátán ára*, *Ljúfingaskáldið*, *Skrifað í vísnaþók*, *Far vel*, *Ein heimspekileg samlíking*, *Hjónabandsskilmálar*, *Esjan og kvinnurnar*, *Nesin og Sigluffjörður*, *Ástaróður*, *Vinarminni*, *Bátur sekkur* og *Dýrasta huggunin*, auk þess að *Fútúrískar kveldstemningar* birtist þar fyrst í heild sinni.

Dáinnar minning segist höfundur telja að hafi ekki verið ort til raunverulegrar manneskju, heldur hafi það verið „sentimentalitetið í brjósti höfundarins, sem skóp hina framliðnu og drap hana strax á eftir til þess að ná í tækifæri til að úthella sjálfu sér“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:57). Kvæðið er ort undir ljóðahætti, einsog til dæmis heilræðavísnaþálkurinn Hávamál. Hátturinn ýtir undir glensið í textanum á sama tíma og hann veitir ljóðmælanda ákveðna fjarlægð frá lesanda. Fjarlægðin birtist í tálsýn viskunnar, nema hér er enginn Óðinn að tala heldur Styrir Stofuglamm. Það þarf ekki mikinn samanburð til að finna glensið í textanum⁴:

Löng er leið.	Deyr fé,
Langir eru farvegur.	deyja frændr,
Djúp er dauðans móða.	deyr sjalfr hit sama;
En minning þinni	en orðstírr

⁴ Að vísu orti Jóhann Gunnar Sigurðsson talsvert undir fornum bragarháttum, til dæmis fornryðislagi, með nútímalegu orðfæri þó, og er hann talinn meðal nýrómantísku skáldanna. En mér sýnist hæpið að álykta sem svo að þessu kvæði sé á nokkurn hátt beint gegn honum. Í fyrsta lagi þarf ítarlegan samanburð við Jóhann sjálfan til að réttlæta slíka ályktun. Í öðru lagi bar Þórbergur mikla virðingu fyrir Jóhanni Gunnari ef marka má frásögn hans af fyrri íbúum Bergshúss í *Ofvitanum*. Þar við bætist að ég hef fullvissu fyrir því að Þórbergur átti frumútgáfu verka hans, *Kvæði og sögur* (Reykjavík 1909), þótt að vísu hafi hann þurft að láta hana frá sér 2. apríl 1912 (þetta veit ég vegna þess að ég á eintakið – þar hefur verið strikað yfir nafn fyrri eiganda, Þórbergs Þórðarsonar (þá hafði hann ekki breytt nafni sínu), nafn þáverandi eiganda, Ragnars Þórarinssonar, skrifað þar undir og dagsetning kaupanna þar fyrir neðan).

glata' ei hin myrku öfl
úr grátnum muna mér.
(Þórbergur Þórðarson, 1984a:58)

deyr aldri
hveims sér góðan getr.
(Hávamál, 1926:34)

Ljúflingaskáldið er aftur á móti skopstæling á ljóðum Guðmundar Guðmundssonar skólaskálds, sem höfundur játar að vísu að hafi ekki alveg átt það skilið (Þórbergur Þórðarson, 1984a:61-3). Hér verður ekki haft fyrir því að fara í samanburð á kvæðinu og ljóðum Guðmundar skólaskálds, en eitt erindi *Ljúflingaskáldsins* er svo: „En hátt yfir Hindúafjöllum / þín himneska spástjarna skín / og fleygir feigðargeislum / á freyðandi stjarnkvæðin þín.“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:63). *Far vel* segist höfundur ekki vita hvort samið sé til „holdlegrar drósar eða andlegs skikkelsis“. Þrátt fyrir það virðist kvæðið fjalla nokkuð einlæglega um mann sem elskaði stúlku, en nú sé hún farin allrar veraldar veg og því geti hann ekki elskað hina stúlkuna sem kvæðið er ort til (Þórbergur Þórðarson, 1984a:65), og minnir það óneitanlega á rómantískar hugmyndir um hina einu sönnu ást. Ef það er glens í þessum texta er það vandfundið, þótt hafa megi það í huga að kvæðið er samið á ótilgreindum tíma árið 1917, einhverntíma milli grínaktugra viðbragða höfundar við sambandslitum sínum við Arndísi Jónsdóttur og viðkynna hans við Finnlaugu Einarsdóttur. Skyldi höfundur ekki hafa trúað því að hann gæti elskað aftur?

Dýrasta huggunin er sami andrómantíski ástaróðurinn og finna má í *Hálfum skósólum* og tekin hafa verið fjölmörg dæmi um hér („Komdu hingað, kæra Stína! / og kættu þig við munarskál.“). Sama má segja um önnur kvæði bókarinnar, að *Fútúrískum kveldstemningum* undanskildum; þau eru öll skrifuð af sama glensi og Þórbergur hafði áður tamið sér í varnarleysi sínu.

Ekki er þó með neinni vissu hægt að leggja til að einstök ljóð séu ort vegna hugásta Þórbergs á Finnlaugu Einarsdóttur. En varnarhátturinn er sá sami og áður og því verður það að teljast að einhverju marki líklegt hafi hann haldið uppteknum hætti í yrkingum og almennum viðhorfum til ársins 1918, einsog segir í *Ofvitanum* og áður var vitnað til. Úr því verður þó ekki skorið hér og því verður að láta það liggja milli hluta um sinn.

III.d Hvítir hrafnar

Hvítir hrafnar komu út árið 1922, eða um svipað leyti og Þórbergur endurnýjaði samband sitt við Sólrúnu Jónsdóttur. Þau kvæði sem frumbirt voru í *Hvítum hröfnum*

eru *Góða nótt!*, *Á Þorláksmessukvöld*, *Munarljóð*, *Ég kom að „Kaplaskjóli“*, *Með fjörutíu stiga hita*, *Hallbjarnardrápa*, *Strandsetur*, *Vaxandi lánstraust*, *V + B*, *Sigurðarkviða*, *Glaxómjólk*, *Meykóngurinn*, *Hjónabandið*, *Nýársóskir*, *Í lausu lofti*, *Skóhljóð dáiinna daga*, *Allrar veraldar vegur* og *Í Helvíti*.

Góða nótt! einsog áður hefur verið getið fjallar að einhverju leyti um Finnlaugu Einarsdóttur, þótt höfundur segi hana látna í kvæðinu „til að berja svolítill dramatísk áhrif inní kvæðið“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:94). Ljóðið er grínaktugt að öðru leyti:

Ég elskaði forðum Íslandsfjöll
og allt, sem lifði þar.
En mennirnir reyndust maðkar og svín
og merar stelpurnar.
(sama rit, sama stað)

Munarljóðin eru sérkapítuli, en þau eru ellefu talsins og ort til ólíkra kvenna. Fyrsta var pantað af stúlku sem vann við afgreiðslu í kökubúð og kvæðið er álíka alvöruþrungið og tilefni þess að það var ort. Annað, þriðja og fjórða kvæði *Munarljóða* eru ort til Sólrúnar Jónsdóttur, fyrstu tvö árið 1918 en síðasta var ort á bilinu 1918 til 1922. Þau kvæði *Munarljóða* eru ákaflega einlæg, og falleg á sinn hátt, en gremja einkennir þau einnig, söknuður og tregi. Ef einhverjum er til efs að þau kvæði séu raunverulega ort til Sólu má í fyrsta lagi benda á að tímasetningarnar stemma allar, í öðru lagi augljósar skírskotanir einsog til dæmis til aðventistaprestsins Olsens sem gaf Sólu og Steindór saman („En þá kom trúfífl sunnanmeð sjó / og sagði: Gættu þín, / því höggormar og fjandafans / þig fífla, góða mín!“).

Fimmta kvæðið er „ekki kveðið til neinnar sérstakrar dömu. Það er sambland úr þekktum vísnapörtum og skopkenndu glensi höfundarins, andóf gegn slepju tíðarandans“. Sjötta til tíunda kvæði *Munarljóða* eru að sögn höfundar þvinguð fram á pappírinn af viðbjóði, af því tilefni að stúlka sem hafði hug á að höfundur barnaði sig á þeim tíma, krafðist þess í hvívetna að hann orti um hana ljóð, ef eitthvað ætti að verða af barneignum þeirra. Ljóðin áttu öll að vera skrifuð „með fagurraðu bleki“, þeim varð að skila á hárréttri stund tiltekins dags, og slík kvöl og pína þótti honum að þessu uppástandi öllu saman, sem hann segir frá í *Eddu*:

Nú verð ég að fara að hnoða saman þessu helvíti.“ [...] Svo skundaði ég rակleitt heimleiðis, hrammsaði af mér hverja spjör, skellti mér uppí rúm og byrjaði að kreista uppúr mér hjartnæmt ástarkvæði, hvernig sem á stóð fyrir mér og hvernig sem ég var upplagður. Það var eitthvert versta og leiðinlegasta erfiði, sem heimska mín hefur flæmt mig útí á æfinni (Þórbergur Þórðarson, 1984a:99-101).

Þó taldi hann sig „elska þessa jómfrú nokkurnveginn af öllu hjarta“. Þessu fyrirkomulagi, sem mun hafa gengið mestallan veturinn 1919-1920, lauk þó snögglega þegar stúlkan sveik stefnumót við hann og skundaði með öðrum manni uppí holt utanvið bæinn. Svo mjög segir hann að þessar yrkingar sínar – fremur en sjálf svikin við sig – hafi gengið sér svo nærri, að hann hafi aldrei síðan getað ort alvarlegt ástarljóð til nokkurrar stúlku. Setja má nokkurn fyrirvara við þá fullyrðingu höfundar, því þrátt fyrir allt virðast kvæðin fremur einlæg ólíkt furðusögunni sem fylgir þeim:

Ég þrái þig alltaf aftur
á æfiköldum stig,
því ég hafði leitað lengi
og loksins fundið þig.
(Þórbergur Þórðarson, 1984a:107)

Ellefta kvæði *Munarljóða* er rómantísk skopstæling „ort til einherrar frauksu, sem höfundurinn hefur talið meira uppá holdið en andann. En hann hefur alveg gleymt, hver hún var“. Það verður seint annað sagt en að höfundur láti skína í það viðhorf í kvæðinu, samanber: „En þú ert fædd af fleski / og færð ekki metið óð. / Holdið er þér hærri dýrð / en himneskt sólarljóð“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:98-109). Þannig keyrir kvæðið áfram á húmornum gegnum sjö heil erindi.

V + B segir höfundur að sé sennilega „ort til ákveðinnar kvensu. En ég þykist sjá á ýmsu í orðalagi þess, að hún hafi ekki verið í tölu þeirra, sem ég hef fyrirhugað eilífan íbúðarrétt í hýbýlum hjarta míns“. Það þarf ekki að leita lengra en inn í fyrsta erindi kvæðisins til að draga svipaða ályktun:

Þótt löngu hamist rauður ástarreykur
um rósum prýdda yngismeyjarsál,

er æfin henni ljúfur veiðileikur
sem lúruveiði í Hornafjarðarál.
(Þórbergur Þórðarson, 1984a:132-3)

Um *Skóhljóð dáiinna daga* segir höfundur í *Eddu*: „Svo bar við snemma á vori 1922, að ég háttaði eitt blíðviðrískvöld í viðbjóðslega væminni stemningu. Ég var ástfanginn og meyr og gljúpur og andlegur innvortis, og þá finnur maður ekki sjálfur, hvað maður er ógeðslegur“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:153). Þá var höfundur nýtekinn saman aftur við Sólrúnu Jónsdóttur. Tregaprungin stemning fyllir kvæðið, einsog í hálfgerðu vonleysi um að lífið geti aftur orðið eins gott og það áður var – sem þarf ekki að koma á óvart miðað við þeirra sögu. En það er afskaplega fallett engu að síður: „Ég hlusta í húmi nætur. / Ég heyri við yztu höf / skóhljóð dáiinna daga, / drauma, sem huldust gróf.“ (Þórbergur Þórðarson, 1984a:155) Um önnur kvæði bókarinnar gildir almennt hið sama og áður, þau eru uppfull af glensi og gríni.

Öll frumbirtu kvæðin í *Hvítum hröfnum* eru ort á bilinu 1917 til 1922. Mestallan þann tíma er Þórbergur ástfanginn af Sólrúnu. Lífsfílósófíu hins grínaktuga má finna víðasthvar í þeim kvæðum sem eru ort fyrir og eftir fyrri sambandsslit þeirra – utan *Munarljóð II-IV* sem eru ort mitt á milli og við sambandsslitin og loks *Skóhljóð dáiinna daga* sem er ort þegar þau taka saman á nýjan leik. Séu útgáfuár ljóðabóka Þórbergs og dagsetningar einstakra ljóða skoðuð í samhengi við ástalíf hans má sjá merkilega hliðstæðu, sem styður fast við það sem hann sagði sjálfur eftir viðskilnaðinn við Arndísi: hann sló öllu upp í grín, sneri öllu á hvolf svo hið auðvirðilega varð háfleygt og öfugt. Alltaf þegar á brattann var að sækja í ástamálunum, þá samdi Þórbergur nógu mörg galsafull kvæði til að fyllt gæti ljóðabók. En eftir Sólrúnarmálið komu engar fleiri ljóðabækur fyrren með frumútgáfu *Eddu* árið 1941 og svo *Marsinum til Kreml* sem kom ekki út fyrren 1962 og er allt annars eðlis. Eftir Sólrúnu lenti Þórbergur heldur aldrei í annarri krísu í ástamálum; hann giftist Margréti Jónsdóttur, og það samband entist honum ævina.

III.e Bréf til Láru

Þá má spyrja hvað hafi ýtt Þórbergi út í að skrifa þetta langa bréf. Svarið virðist vera að finna í einkahögum hans: Sólrún Jónsdóttir varð þunguð af hans völdum sumarið 1923. Eins og aðstæðum var háttað var ekki óeðlilegt

að honum brygði við tíðindin. En hann gerði meira en það, hann hreinlega fylltist skelfingu, sökk ofan í dýpstu sálarangist sem hann hafði upplifað í ellefu ár, eða síðan 1912, þegar hann reyndi að ganga í sjóinn [...] Tveimur dögum síðar leggst hann í influensu og skrifar þá fyrsta vísinn að *Bréfi til Láru*. Með öðrum orðum, ekki verður betur séð en að hann hafi byrjað bókina í þeim tilgangi að vinna bug á sálarstríði sínu (Helgi M. Sigurðsson, 1992:91).

Þórbergur var ekki óvanur því að skrifa löng og innblásin bréf, hann hafði sent Sólrúnu Jónsdóttur eitt sjöttú og tveggja blaðsíðna stykki árið 1918, sex árum fyrir útgáfu *Bréfs til Láru*. Því hefur Halldór Guðmundsson lýst svo: „Bréfitari fer um víðan völl til að rökstyðja mál sitt og ver meðal annars miklu plássi í að gagnrýna biblíuskýringar adventista“ (Halldór Guðmundsson, 2006:129-30). Þótt þetta hljómi að vísu kunnuglega er hér ólíku saman að jafna. Bréfið til Sólu er í aðra röndina málsvörn fyrir ástina, en hún er einnig vægðarlaus gagnrýni á viðtakandann og allt hennar fólk og harðnar aðeins eftir því sem á það líður. Undir lok þess segir meðal annars: „Nú frétti eg þá sögu eftir móður þinni, að þú hefðir sýnt Steindóri öll bréfin sem eg hafði skrifað þér. Ef þessi saga er sönn á þig, ertu áreiðanlega sá mesti endemisræfill og vesalingur, sem eg hefi þekt“ (Þórbergur Þórðarson, 1918:72). „Öll orðræða ástarinnar í bréfinu er firrt, svo ekki sé meira sagt, og óöryggi Þórbergs birtist í því hversu óeinlægt og uppskrúfað það er á köflum“ (Halldór Guðmundsson, 2006:130).

Bréf til Láru hinsvegar er sambland af þjóðfélagsádeilu, þjóðfræðapáttum, kvæðum, sjálfsævisögulegum greinarkornum og örsögum. Í því er hvergi minnst á Sólu né Guðbjörgu dóttur þeirra eða annað fólk henni tengt. Bréfið tekur á nálega öllu öðru en sambandi þeirra Sólrúnar. Nema þá kannski þegar hann minnst á ljóðin sín: „Það er að vísu ekki merkilegt, sem eftir mig liggur á prenti. Þó eru nokkur ástarkvæði í „Hvítum hröfnum“ sem taka fram mörgu af því, er gefið var út í íslenskum ástaljóðum fyrir nokkrum árum“ (Þórbergur Þórðarson, 1974:152) – „líktog hann harmi að þau hafi ekki verið tekin alvarlega,“ segir Halldór Guðmundsson um þau ummæli. „Þau voru samin í fullri alvöru“ (Halldór Guðmundsson, 2006:134). Þórbergur talar hinsvegar um aðrar ástir í *Bréfi til Láru*. Hann segir frá Finnlaugu Einarsdóttur, sem hann hafði verið ástfanginn af, birtir kvæði sem hann orti eftir hana og það er líkt og hann gefi það í skyn ofaná alltsaman

að hann eigi dóttur með henni. En núna á hann dóttur með Sólrúnu. Hann minnst ekkert á það. Nema hann yfirfæri eitt mál uppá annað þegar hann segir: „Það þýðir ekki að leyna þig þessu. Þú lest það hvort sem er í akashakrónikunni, þegar þú ert dáin. Þar kvað allt sjást. Þar sérðu allar mínar yfirsjónir, og tala þeirra er legió“ (Þórbergur Þórðarson, 1974:24). Litlu síðar virðist hann senda Sólrúnu pilluna:

Það er innantómleikinn, þessi þreytandi andlega örbirgð, þessi tærandi einstæðingsskapur sálarinnar, sem rekur fólk í hjónaband. Menn giftast af því, að þeir eru ekki sjálfum sér nógir. Í konunni sjá þeir andlega hressingu, andlegan spíritus, til þess að halda sál sinni vakandi á. En þeir eru sviknir. Vörumerkið er falsað. Innihaldið er vatn. Svefninn sigrar bæði. Hjónabandið er samábyrgð tveggja andlegra öreiga (Þórbergur Þórðarson, 1974:32).

Það væri fullmikið sagt að alla heiftina í *Bréfi til Láru* megi útskýra með nafninu Sólrún Jónsdóttir, en hún virðist engu að síður hafa fengið sinn skammt í því. En hvar er þá lífsfílósófía hins grínaktuga, hvar er hinu háa blandað við hið lága? Meðal annars á blaðsíðu tuttugu og þrjú: „Sól skein í suðri. Sumarfuglarnir sungu suðræn ástarljóð í runnum og mómum [...] Ég settist niður í skógarrunn og skeit. Á setum sínum kemst maður í andlegt samfélag við náttúruna“ (Þórbergur Þórðarson, 1974:23). Pétur Gunnarsson fjallar meðal annars um *Bréf til Láru* í bók sinni *PP í fátæktarlandi*, en hann gengur nokkuð lengra en hér verður gert:

Að [Bréf til Láru] skuli fara úr böndunum og breytast í eldgos má gera sér í hugarlund að eigi orsök í atburðarásinni sem farið hafði í gang í aðdragandanum, sá „heimsendir“ sem vofði yfir skáldinu við hið nýbyrjaða líf [...] Þungi Sólrúnar gerir Þórberg ávaxtarsaman. Hann skrifar jafnvel marga kafla *Bréfsins* rúmliggjandi eins og sængurkona og fer ekki hjá því að við sjáum hina frægu óléttusögu *Bréfs til Láru* í eilítið breyttu ljósi. [...] Og *Bréfinu* lýkur eins og *Gleðileiknum guðdómlega* með því að skáldið stendur frammifyrir himnaföður. Þórbergur og Dante hafa upplifað víti og hreinsunareld, en á meðan það var ástkona Dantes, Beatrísar, sem leiðsagði honum um himnaríki er Þórbergur á flótta undan barnsmóður sinni, Sólrúnu (Pétur Gunnarsson, 2007:137-142).

Án alls vafa má finna jafnvel enn fleiri vísanir til Sólrúnar í *Bréfi til Láru*, það þarf ekki að kafa djúpt í sálgreiningunni til að hægt sé að gera sér í hugarlund að sagan af því þegar hrökkállinn gerir útaf við kennd hans til kvenna beri í sér þónokkra skírskotun til hennar. En hvort *Bréfið* er skrifað vegna þess, að einhverju leyti eða öllu, að Þórberg greip æði eftir fregnina um óléttu Sólrúnar – það er erfitt að segja til um það. Og líklega fæst aldrei viðunandi svar við því. Sigfús Daðason er hófsamari í ályktunum en Pétur Gunnarsson og Helgi M. Sigurðsson: „Um haustið 1923 eru ástríður [Þórbergs] búnar að reka hann í kreppu, honum verður bilt við og hrekkur til baka. Hann situr allt árið við að skrifa Láru bréf, með því má leika á hinar persónulegu ástríður. Eftir þetta gætir hann sín að hætta sér ekki of langt í annað sinn“ (Sigfús Daðason, 1984:190-1). Hver svosem hinn endanlegi sannleikur er má telja líklegt að Sigfús komist ansi nærri honum í sinni greiningu.

III.f Íslenzkur aðall og Ofvitinn

- Hvernig kunnirðu við þig í Bergshúsi?
 - Ég átti þar unaðslega tíma. Þar kynntist ég elskunni minni.
 - Þú elskaðir hana mikið?
 - Heldurðu kannski, að Íslenzkur aðall sé lygareyfare? En svo deyfðist ástin smám saman. Og það var bezt, að það fór eins og það fór, ég var ófær til hjónabands á þeim árum. Ef ég hefði gift mig, þá hefði ég orðið að þræla eins og skepna í síld og eyrarvinnu. Þetta var óþolandi sárt, meðan á því stóð.
- (Matthías Johannessen, 1989:22)

Sjálfsævisögulegu verkin, *Íslenzkur aðall* og *Ofvitinn*, komu út á árunum 1938 til 1941 og fjalla saman um þroskaskeið Þórbergs frá því hann kemur til Reykjavíkur árið 1909 uns hann verður fastagestur í Unuhúsi milli 1913 og 1914. Þórbergur ungi er fullur af rómantískum hugmyndum um lífið og ástina í upphafi en í lok *Ofvitans* gerir hann grein fyrir nýrri stefnu sem líf hans tók í kjölfar þess að Elskan hans fluttist alfarin úr Reykjavík – lífsstefnu sem finna má að stýri penna höfundar bókanna að nokkru leyti og birtist í gagnrýnni umfjöllun hans á lífsviðhorf sjálfs sín á æskuárum. Þórbergur ungi togast milli holdlegra og andlegra langana en getur ekki samræmt þær; eins mikið og hann langar til að snerta Elskuna sína myndi það spilla hinni hreinu ást

sem hann ber til hennar, og tilvistarkreppan sem sú tvíhyggja leiðir af sér verður ekki með nokkru móti leyst.

Þótt það sé ljóst orðið að Þórbergur hafi svo sannarlega ekki verið þjakaður af slíkri ofurrómantískri tvíhyggju í garð Elskunnar sinnar þá kryddar höfundur frásögnina með því til að ýkja frásögnina af senninu og vinum hans gegndarlaust og hefur þær þannig uppá örlítið „hærra frásagnarsvið en söguefnin standa til“. Soffía Auður Birgisdóttir tekur í sama streng í grein sinni um *Íslenzkan aðal*:

Það skiptir kannski ekki höfuðmáli hvaðan þær tilfinningar eru spröttar sem Þórbergur lýsir í Íslenskum aðli eða hvort þær eru „sannar“; aðalatriðið er að þær lúta ákveðnu frásagnarmynstri sem er alþekkt í bókmenntum. Ég fæ ekki betur séð en Þórbergur sé í verkinu að skopstæla ákveðna tegund frásagnar á mjög meðvitaðan hátt: Hann skopstælir hina rómantísku ástarsögu - söguna um elskendurna sem ekki var skapað nema að skilja. Skopstælingin er einnig aðaleinkenni á „hinni“ meginfrásögninni sem fram fer í verkinu, þ.e. frásögninni af skáldbræðrunum (Soffía Auður Birgisdóttir, 2001:278)

Hvað bókmenntaverkið snertir nefnilega ekki máli hvað er satt og hverju er logið. Þórbergur greindi í mörgum atriðum rangt frá sambandi sínu við Arndísi þótt með öðrum hætti sé en Soffía Auður telur. Þórbergur gekk aldrei framhjá bæ Arndísar, heldur gekk hann inn, þáði kaffi, kyssti hana og laumaðist með henni bakvið hólinn. Raulaði svo fyrir munnni sér 25 árum síðar þessa vísu sem bæði rúmar kvöldstjörnuna títtnefndu og elskendur bakvið hól, þótt staðsetningin sé önnur:

Í Möðrudal á Fjöllum er mánaljósið tært
og meyjaraugun fegri en himinsólin.
Og kvöldstjörnunnar ljós, það lýsir þar svo skært.
Þar leiðast þau, sem elskast, bakvið hólinn.
(Þórbergur Þórðarson, 1984a:195)

Svo lengi sem Þórbergur lifði gat hann aldrei hætt að hugsa um hana, einsog sést gjörlla víðasthvar í bók Matthíasar Johannessen *Í kompaníu við Þórberg*, víðasthvar í hans eigin höfundarverki einnig. En hvers vegna hann valdi þessa leið má altént að einhverju leyti skrifa á þá viðhorfsbreytingu sem varð innra með honum við brottför Arndísar úr Reykjavík. Það er einmitt skopstælingin sem Soffía Auður nefnir sem er

aðalatriðið hér – hún er viðloðandi allt úti gegnum *Íslenzkan aðal* og *Ofvitann*, allt frá sjálfshæðinni og ýktri frásögn höfundar af sjálfum sér til háleitra skoðana hans og félaga hans á lífinu, ástinni og skáldskapnum.

Hér var hann að búa sjálfan sig til, draga upp mynd af sér með því sjálfsháði sem sá einn getur leyft sér sem kominn er í vissa höfn [...] Þetta eru afburða skemmtilegar bækur og ennþá ótrúlega nútímaleg lesning af því hvað Þórbergur er fyndinn og óvæntur og gerir óspart grín að sjálfum sér [...] Þórbergur lagði mikið upp úr sannsögli sinni í bókunum, einsog kemur fram í samtölunum við Matthías [Johannessen], þótt hann neiti því ekki að hann færi í stílinn. Og hann gerði sannarlega óspart grín að ráðaleysi sínu og basli (Halldór Guðmundsson, 2006:93).

Og *Elskan* hans Þórbergs er lykillinn að öllu saman: hann skrifar um fyrstu ástina sína vegna þess að hún skýrir á margan hátt þann mann sem heldur á pennanum, og stíllinn helgast að mörgu leyti af þeim atburðum sem frásögn bókanna lýsir – skopfærslan verður til á síðustu blaðsíðum síðustu bókar innan frásagnar sem öll er ein skopfærsla sjálf. Þannig helst það allt saman. Lausnin er fólgin í verkinu sjálfu: „Það var ein af megin-starfsaðferðum alvöruleysisins að stilla hlutunum á öfugan enda. [...] Ástin varð bara væminn aumingjaskapur og hverjum alminlegum manni ósamboðið að hokra að konum“ (Þórbergur Þórðarson, 1982:330).

Og „skringitónninn“, sem Árni Hallgrímsson heyrði í máli og stíl Þórbergs, ætli Árni hafi ekki heyrt rétt, þegar öllu er á botninn hvolft, og ætli geti ekki þar verið um að ræða alræmda sjálfsvarnaráráttu listamannsins sem vill hvorttveggja: láta taka mark á sér og ekki láta taka mark á sér (Sigfús Daðason, 1989:198).

Hin víðfrægu stílbrigði Þórbergs eru þannig í raun aðeins ein afurð sjálfsvarnaráráttu hans gegn hættum ástarinnar. Hann hafði reynt hana á eigin skinni með biturri reynslu og aldrei jafnað sig eftir fyrsta skipbrotið. En þrátt fyrir allt hvíldi hugur hans alltaf á sama stað – jafnvel þegar spurt er hvar hann sæi fyrir sér að hann yrði í framtíðinni eftir líkamsdauðann, þegar menn væru loksins orðnir littererir, svarar hann: „Helzt vildi ég vera í orsakaheiminum, þar sem menn sjá fyrst tilveruna eins og hún *er*. Ég er þegar orðinn hálfleiður á þessari á haus standandi tilveru. Þó er líka einhver skrattinn í

mér, sem langar til að eiga þá heima í Bergshúsi og vera að horfa á Síríus upp um þakgluggann við vangann á ...“ (Matthías Johannessen, 1989:276-7).

Við vangann á Elskunni sinni. Fjörutíu og sjö árum eftir að ævintýrinu lauk. Og í því ljósi er athyglisvert að skoða verk hans aftur. „Eftir þetta kvöld kallaði ég hana alltaf Elskuna mína, þegar ég talaði um hana við sjálfan mig. Og ég talaði oft um hana við sjálfan mig. Svo slökkti ég ljósið og breiddi sængina upp fyrir höfuð. Í nótt ætla ég ekki að lesa kvæði Einars Benediktssonar. Enginn Einar Benediktsson hefur ort eins fagurt ljóð og ástin. Ástin er mesta skáld í heimi. Að elska er að yrkja fegursta ljóð í víðri veröld“ (Þórbergur Þórðarson, 1982:224). Og kannski er það ekki síst nákvæmlega þetta sem gefur verkum Þórbergs svo mikið gildi: næmnin að baki ólíkindalátunum, rómantíkin einsog hún verður fegurst.

IV Niðurstöður

Svo virðist sem fyrstu spor Þórbergs á rithöfundabrautinni markist af vonbrigðum hans í ástamálum. Fyrstu bókina, *Hálfa skósóla*, gaf hann út eftir sár sambandsslit við konu sem átti eftir að setja mark sitt á allt höfundarverk hans síðan, Arndísi Jónsdóttur. Næstu bók, *Spaks manns spjarir*, gaf hann út eftir að leiðir skildu með honum og annarri konu sem bregður víða fyrir í höfundarverki hans, Finnlaugu Jónsdóttur. Og *Hvíta hrafna* gefur hann út um svipað leyti og hann tekur aftur upp samband við Sólrúnu Jónsdóttur. Þá skopstælingu sem birtist á nýrómantísku stefnuna í þessum bókum má tengja með beinum hætti við þá ástarsorg sem hrjáði Þórberg eftir þær konur sem hann var í tygjum við á þeim tíma sem bækurnar voru skrifaðar. Fyrst og fremst má tengja skopstælinguna við Arndísi, því það er uppúr sambandsslitum þeirra Þórbergs sem hún er sprottin, en hana má einnig að nokkru tengja við þær Finnlaugu og Sólrúnu einsog dæmin hér að ofan sýna.

Gagnrýni Þórbergs á nýrómantík má gróflega skipta í tvo sammiðja flokka: gagnrýni á orðfæri annarsvegar og gagnrýni á heimsmynd hinsvegar; heimsmynd sem hann sjálfur virðist ekki hafa verið alveg ósnortinn af. Nær öll verk hans ganga útfrá sama grunni með miðju í Arndísi Jónsdóttur, þarsem gremja og hjartasorg verða efniviður skopstælingar og ósérhlífina háðsglósna. Það er orðið viðkvæði að Þórbergur hafi verið mestur húmorista. En sú kerskni sem einkennir höfundarverk Þórbergs er sprottin af biturri reynslu. Og þegar það er tilfellið má ef til vill segja að sá sé sannarlega mestur húmoristi sem kann að hafa húmor fyrir sjálfum sér.

Þórbergur skopstældi ekki nýrómantísku skáldin eingöngu til að vera fyndinn. Fyrst og fremst skopstældi hann þá útgáfu sjálfs sín sem hann hafði lagt að baki, þau gildi sem hann trúði á, þá heimsmynd sem hann var háður í hjarta sér. Og sú gagnrýni er bæði alvarleg og beitt, inná milli þess sem hún er fyndin. Eftir þau fjölmörgu skipbrot sem Þórbergur beið gagnvart ástinni sneri hann baki við henni og helgaði líf sitt listinni. Þar í felst sú kaldhæðni að hann skóp sjálfum sér þau hin sömu örlög og hann gagnrýndi aðra fyrir að sækjast eftir.

Gamalt máltæki segir að öllu gamni fylgi nokkur alvara og er það sú niðurstaða sem vel má heimfæra uppá þau verk sem hér hafa verið til umfjöllunar. Ennfremur hefur það löngum vakið athygli að Þórbergur skuli fyrst og fremst hafa skrifað um sjálfan sig, og þá hefur aðallega verið átt við persónuna Þórberg. En Þórbergur skrifaði um sjálfan sig í mun víðari skilningi. Bækur hans eru uppgjör við

alla hans fortíð, við hugmyndir hans um ástina og þá heimsmynd sem lá hrunin að fótum hans. En fyrst og fremst eru þær uppgjör hans við sig sjálfan.

Heimildaskrá

Handrit

Kristín Guðmundardóttir. 1946. „Svona er blessuð ástin – orðtak P.P.“ Bréf til Sigurðar Nordal dagsett 5. júní 1946. Handritið fékk ég hjá Halldóri Guðmundssyni. Einnig aðgengilegt í *Tímariti Máls og menningar* 2008; 69 (1): 58-68.

Pórbergur Þórðarson. 1918. Bréf til Sólrúnar Jónsdóttur, dagsett 23. júlí 1918. Bréfið fékk ég hjá Halldóri Guðmundssyni.

Pórbergur Þórðarson. Stóra ævisögulega handritið. Handritasafn Þórbergs Þórðarsonar, Landsbókasafni Íslands (Lbs 6NF).

Prentaðar heimildir

Árni Sigurjónsson. 1989. „Á aldarafmæli Þórbergs Þórðarsonar.“ *Pegar ég varð óléttur*. Árni Óskarsson og Árni Sigurjónsson sáu um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík, bls. 183-194.

Árni Sigurjónsson. 2006. „Þórbergur Þórðarson.“ *Íslensk bókmenntasaga IV*. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík, bls. 78-83.

Ástráður Eysteinnsson. 1999. „Baráttan gegn veruleikanum – Um Þórberg Þórðarson og bókmenntasmágreinar.“ *Umbrot*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Benedikt Hjartarson. 2005. „,,,Prrr - prrr - prrr - prrr - Reykjavík!“ Þórbergur Þórðarson og púki fútúrismans.“ *Heimur ljóðsins*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, bls. 50-65.

Bertens, Hans. 2008. *Literary Theory: The Basics*. Routledge, New York.

Bragi Ólafsson. [Án titils].

http://thorbergur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=182&Itemid=63
Sótt þann 12. mars 2009.

Böðvar Guðmundsson. 1978. Formáli að Íslenzkum aðli. *Íslenskur aðall*. Böðvar Guðmundsson annaðist útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.

Guðmundur Gíslason Hagalín. 1978. *Ilmur liðinna daga* [1. útg. 1953]. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Guðmundur Andri Thorsson. 1998. *Ég vildi að ég kynni að dansa*. Mál og menning, Reykjavík.

Halldór Guðmundsson. 1989. „Nýrómantík.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, 2. útg. [endurpr. 2006]. Ritstj. Jakob Benediktsson. Mál og menning, Reykjavík, bls. 194-195.

Halldór Guðmundsson. 1989. „Nýrýni.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, 2. útg, [endurpr. 2006]. Ritstj. Jakob Benediktsson. Mál og menning, Reykjavík, bls. 195-196.

Halldór Guðmundsson. 2006. *Skáldalíf*. JPV, Reykjavík.

Halldór Kiljan Laxness. 1976. *Úngur ég var*. Helgafell, Reykjavík.

Hávamál. 1926. *Sæmundar-Edda* (fyrsta útg. 1905). Finnur Jónsson bjó til prentunar. [útgefanda vantar], Reykjavík.

Helgi M. Sigurðsson. 1986. „Formáli. *Ljóri sálar minnar*. Þórbergur Þórðarson. Mál og menning, Reykjavík.

Helgi M. Sigurðsson. 1992. *Frumleg hreinskilni*. Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Indriði G. Þorsteinsson. 1983. „Hamingjustríðið.“ *Bréf til Sólu*. Guðbjörg Steindórsdóttir, Reykjavík.

Jón Yngvi Jóhannsson. 1995. „„Þvílíkir herrar!““ *Um líkamann og mynd (karl)mannsins í verkum Þórbergs Þórðarsonar*.“ Lokaritgerð í almenntri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Reykjavík.

Jón Yngvi Jóhannsson. 2006. „Þórbergur Þórðarson: Bókmenntalegur andófsmaður.“ *Íslensk bókmenntasaga IV*. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík, bls. 240-249.

Kristinn E. Andrésson. 1949. *Íslenskar nútímabókmenntir*. Mál og menning, Reykjavík.

Matthías Johannessen. 1989. *Í kompaní við Þórberg*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Pétur Gunnarsson. 2007. *P.P. í fátæktarlandi*. JPV, Reykjavík.

Sigfús Daðason. 1981. „Þórbergur Þórðarson.“ *Ritgerðir og pistlar*. Forlagið, Reykjavík, bls. 144-185

Sigfús Daðason. 1984. „Nýjung í Þórbergsfræðum.“ *Ritgerðir og pistlar*. Forlagið, Reykjavík, bls. 186-191.

Sigfús Daðason. 1989. „Óstýrilátur og bljúgur.“ *Ritgerðir og pistlar*. Forlagið, Reykjavík, bls. 192-201.

Sigríður Rögnvaldsdóttir. 1989. „Brotin heimsmýnd – um sýnd og reynd í Íslenskum aðli og Ofvitanum.“ *Tímarit Máls og menningar* 50 (3), bls. 291-306.

- Soffía Auður Birgisdóttir. 2001. „Sannleikur í æðra veldi. Um Íslenzkan aðal eftir Þórberg Þórðarson.“ *Heimur skáldsögunnar*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, bls. 273-284.
- Soffía Auður Birgisdóttir. 2002. „„Falsaðar og þó eiðsvarnar myndir“: Samanburður á sjálfsmyndum Þórbergs Þórðarsonar og Halldórs Laxness í sjálfsævisögulegum verkum þeirra.“ *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað: Um ævi og verk Halldórs Laxness*. Ritstj. Jón Ólafsson. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, bls. 164-174.
- Stefán Einarsson. 1939. *Þórbergur Þórðarson, fræðimaður – spámaður – skáld, fimmtugur*. Heimskringla, Reykjavík.
- Stefán Einarsson. 1961. *Íslensk bókmenntasaga 874-1960*. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1922. *Hvítir hrafnar*. [útgefanda vantar], Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1939. „Endurfæðingarkronikan.“ *Þórbergur Þórðarson, fræðimaður – spámaður – skáld, fimmtugur*. Stefán Einarsson. Heimskringla, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1975. *Bréf til Láru* [1. prentun þessarar útg. 1974. 1. útg. 1924]. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1982. *Ofvitinn* [1. útg. 1940-1]. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1983a. *Frásagnir* [1. útg. 1972]. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1983b. *Bréf til Sólu*. Bréf til Sólrúnar Jónsdóttur rituð af Þórbergi Þórðarsyni. Guðbjörg Steindórsdóttir, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1984a. *Edda* [1. útg. 1941]. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1984b. *Íslenzkur aðall* [1. útg. 1938]. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1986. *Ljóri sálar minnar*. Helgi M. Sigurðsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1987. *Mitt rómantíska æði*. Helgi M. Sigurðsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir. 2002. *Stílisti eða rithöfundur? Um jöðrun Þórbergs Þórðarsonar*. Lokaritgerð í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Örn Ólafsson. 2001. „Elskan hans Þórbergs.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 7. 21. júlí.
- Örn Ólafsson. 2008. *Seiðblátt hafið*. Örn Ólafsson, Kaupmannahöfn.

Örnólfur Thorsson. 1989. „Ævisöguleg rannsóknaraðferð.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, 2. útg. [endurpr. 2006]. Ritstj. Jakob Benediktsson. Mál og menning, Reykjavík, bls. 317-318.

Viðauki I

Dagbókarfærsla Þ.Þ. mánudaginn 4. maí 1914

(m.t.t. bls 26 í meginmáli o.áfr.).

Loft heiðskírt, logn og hlýtt veður og einstaklega fagurt.

Þennan dag tel eg einhvern merkasta daginn er fyrir mig hefir komið á lífsleiðinni. Ber ýmislegt til þess. Dagarnir í vikunni fyrir helgina voru mér og allmarkverðir, því að þá fluttist alfarinn austur í Rangárvallasýslu maðurinn er mér vildi bezt allra ungra manna og eldri hér í Rvík ... Var hann stoð mín og stytta um marga hluti og leiðbeindi mér ráðviltum tíðum til betri hags. Kann eg honum ávalt þakkir fyrir það og minnst hans ævinlega með sárum söknuði. Áður en hann fór austur bað hann mig að vera framvegis í U.M.F.R. og hét eg því; loks óskaði hann þess, að eg yrði framvegis „sjálfum mér beztur“ ... og lýsa þau orð manningnum betur en langt mál.

En hví er dagurinn í dag merkisdagur fyrir mig? Hví er hann annað en tilbreytingarlaus, auðvirðilegur mánudagur, eins og flestir mánudagar eru. Hann er að vísu fjarri því að vera skemtilegur. En þrátt fyrir það er hann undursamlegur, angurbliður saknaðardagur. Kl. 8 í morgun fór stúlka sú alfarin héðan úr bænum heim til sín norður í land, er eg hefi unnað hugástum í 2½ ár. Vorum við löngum samvistum og áttum ýmislegt saman að selda, er aldrei spyrzt í almannaleiðum. En svo hafa nú atvikin í garðinn búið, að helzt er útlit fyrir, að vér „sjáumst aldrei framar“. Einkennilegt er þetta, furðulegt, stórkostlegt, dularfult – óskiljanlegt. Guð einn veit hve eg sakna hennar, og hann einn veit hve geysileg áhrif hún hefir haft á alt sálarlíf mitt. Eg tel mér meiri gróða í að hafa kynst henni en lestri allra bóka þeirra er eg hefi lesið um dagana og eru þær þó ekki fáar. Jafnvel þótt eg sakni hennar sáran alla ævi mína, vildi eg þó fórna þeirri lífsgleði, er eg ella hefði átt, fyrir kynni þau er eg hefi af henni haft. Hún hefir auðgað anda minn og göfgað, hafið hann upp í veldi guðdómlegs, angurbliðs unaðar. Minningarnar um hana fleyta mér yfir foröð lífsins, sökva mér niður í hylðýpi gjörhyggjunnar – í fáum orðum sagt gera mig að manni, ef eg ber hamingju til að hegða mér eins og vera ber. Takist nokkurum veraldlegum mætti að bera sál mína upp til guðsdýrðar eða niður í neðstu dýpi helvítis, þá eru það hljómarir er óma eilíflega frá þeim strengjum sálar minnar, er hún snertu. Þeir fljúga

með anda minn út yfir takmörk sjóndeildarhringsins er köld skynsemin verður að nema staðar við. Og þetta tel eg meira vert en hitt, að mega njóta ástar hennar og unaðar til dauðadags. Því að eg er sannfærður um, að mér hefði aldrei heppnast að elska lengi, ef eg hefði fengið að „njóta“, En nú er eg sannfærður um að eg elska hana eilíflega, hvernig sem annars um mig fer. Andi hennar býr alt af í sálu minni, og ást hennar umvefur allar tilfinningar mínar, skynjanir mínar og hugsanir. Og það er mér dýrlegra en allur auður veraldarinnar. Drottinn blessi minningu hennar og líf hennar eilíflega.

En söknuðurinn er mér þó sár. Eg á erfitt með að verjast ömurlegasta þunglyndi. En þó hefi eg fundið ráð til þess. Það fann eg í vetur, smátt og smátt, þegar eg sá hvernig fara mundi. Hvert er ráðið? Það er ósköp einfalt, þó eg sé ekki sannfærður um að öllum takist að hagnýta sér það þótt fyndu. Það er að reyna að *sýnast* alt af síkátur og glensfullur: Smám saman slær ytri gleðinni inn. En þó má henni ekki slá algerlega inn, því að þá á ég á hættu að göfugustu endurminningarnar blikni. Flestir hyggja að eg sé orðinn nokkurs konar gárungi, jafnvel siðleysingi, er hæðist og skopast að öllu fögru og guðdómlegu. En þeim er ekki kunnugt um hitt, að þetta er mér nokkurs konar kínalífselixir, er varnar mér frá að sökkva á kaf í svartasta þunglyndi. Eg verð að fórna umburðarlyndi annara fyrir velferð mína. Það missi eg fyrir það sem eg hefi unnið. Nú fyrst skilst mér æviferill Odds Hjaltalíns, er alt af sýndist kátur og jafnvel úr hófi fram, en undir niðri lá dauðamóða dökkvasta þunglyndis.

Eg hefi elskað svo heitt, að eg efast um að nokkur mannleg vera hafi elskað innilegar. Og eg hefi jafnframt reynt að gera mér grein fyrir ást minni. Og sárt er til þess að vita, að ítarleg og nákvæm íhugun hefir kent mér – að ást mín hafi verið eintóm eigingirni – viðbjóðsleg, djöfulleg eigingirni. Og þó er hún guðdómlegasti geislinn, er nokkurn tíma hefir náð að skína inn um ljóra sálar minnar. Öll ást milli karls og konu, er ekkert annað en þröngsýn eigingirni – það er eg sannfærður um.

Þrátt fyrir það hefi eg ásett mér að gera yfirlát synda minna smámsaman frá þeim degi er eg kvaddi þá er eg elskaði í síðasta sinn. Frá þeim degi hefi eg ásett mér að verða nýtur maður, og þær endurnýjungar lífdaganna helga eg henni. Amen (Þórbergur Þórðarson, 1986: 176-9).

Viðauki II

Þakkir

Helga M. Sigurðssyni, Halldóri Guðmundssyni og Pétri Gunnarssyni vil ég þakka fyrir þá aðstoð og þann stuðning sem þeir veittu mér við að afla mér heimilda fyrir þessa ritgerð, og þann mikla áhuga sem þeir jafnframt sýndu viðfangsefninu. Ég stend á herðum rísa þar sem þeirra verk liggja fyrir og seint hefði mér tekist að tjasla þessu verki saman ef þeirra hefði ekki notið við. Þeim Jóni Yngva Jóhannssyni og Þórunni Hrefnu Sigurjónsdóttur vil ég þakka fyrir að hleypa mér í frumraunir sínar á sviði fræðimennsku, sem líkt og mín eigin fjölluðu einnig um Þórberg, og Matthíasi Johannessen vil ég kærlega þakka fyrir góð ráð og stuðning. Vinnuveitanda mínum, Borgarbókasafni Reykjavíkur, vil ég þakka fyrir þolinmæðina og þau ógrynni af ljósritunarpappír sem þetta verkefni hefur kostað. Bókasafni Hafnarfjarðar þakka ég frábæra þjónustu. Kennurum Háskóla Íslands og starfsfólki Landsbókasafns þakka ég hjartanlega þann innblástur og liðlegheit sem mér hafa verið sýnd. Vinum mínum, Aðalsteini Atla Guðmundssyni, Drífu Snædal, Emil Hjörvari Petersen, Gunnari Erni Heimissyni, Halldóri Marteinsyni, Jóni Erni Loðmfjörð, Kára Páli Óskarssyni, Kristínu Svövu Tómasdóttur og Silju Rós Hauksdóttur, sem alltaf hlustuðu á mig flaumósa og rasandi þegar hugmyndaflóðið ætlaði mig lifandi að drepa, þakka ég hjartanlega fyrir þolinmæðina, svo og bróður mínum, Þórði Erni Arnarsyni, sem á óbeinan hátt kynti undir áhuga mínum á viðfangsefninu fyrir margt löngu. Þá vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Soffíu Auði Birgisdóttur, fyrir að troða margskonar hugmyndum í hausinn á mér þar sem þær fengu að malla við hægán hita uns eftirfarandi verk spratt þaðan út með látum einsog Aþena fullsköpuð. Án hennar væri þessi ritgerð ekki til. ReykjavíkurAkademíunni þakka ég skrifstofuaðstöðuna með þessu líka skáldlega útsýni yfir Þórbergsslóðir að Selsvör; sú aðstaða auðveldaði verk mitt til muna. Ennfremur vil ég þakka Þorbjörgu Arnórsdóttur og öðru starfsfólki Þórbergssseturs á Hala í Suðursveit fyrir frábærar viðtökur eina páskahelgi 2007, þar sem fyrsti vaxtarsproti þessa ritverks fæddist í huga mér þar sem ég horfði útyfir eyrina utan af bæjarhlaðinu og sá fyrir mér franskar skonnortur siglandi þar útifyrir, með drifhvít og ljómandi segl.